


Seildist út
í abstrakt



Enginn reynt
að hafa áhrif



Vínartónleikar
Sinfóníunnar
5., 6. OG 7. JANÚAR
MIÐASALA Á SINFONIA.IS



Menning > 22

Lífið > 26

FRÉTTABLAÐIÐ

261. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MIDVIKUDAGUR 30. NÓVEMBER 2022

Lofar milljarða viðskiptabótum í fasteignakaupum

Opnað var á nýja aðferð í gær í fasteignaviðskiptum sem gæti sparað almenningi milljarða, segir fasteignasali. Neytendasamtökin segja ekki vanþörf á.

bth@frettabladid.is

NEYTENDUR Fasteignasalan Kaupstaður tók í gær, fyrst íslenskra fasteignasala, það skref að bjóða upp á rafræn fasteignaviðskipti. Mikill kostnaður gæti sparast.

Einar G. Harðarson hjá Kaupstað segir að fjöldi manns hafi unnið að breytingunni í heilt ár.

„Við erum að tala um byltingu fyrir neytendur,“ segir Einar. Fólki geti lækkað kostnað vegna fasteignaviðskipta svo nemi milljónum.

Með rafrænum lausnum sparast að sögn Einars mikill tími og kostnaður, til að mynda við gagnaflokkun og þinglýsingar. Prósentutengt umsýslugjald falli út. Í nýja kerfinu greiði kúnni grunnjald. Kostnaður við sölu 100 milljóna króna eignar geti legið undir 200.000 krónum í stað jafnvel 2,5 milljóna króna kostnaðar ef allt er talið.

„Það er viðbúið að ég verði litinn hornauga af kollegum mínum en á móti held ég að margir þeirra vildu vera í mínum sporum. Ég er að spara milljarða fyrir fólkið í landinu.“

Guðbjörg Sveinbjörnsdóttir hjá fasteignasölunni Trausta segir um þessa breytingu að vafamál séu uppi varðandi hver sjái um ágreiningsmál ef þau komi upp. Mál séu flóknari en svo að hægt sé að útiloka mikilvægi fasteignasala við húsnæðis kaup.



Við erum að tala um
byltingu.



Einar G.
Harðarson,
fasteignasali

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, segist fagna aukinni samkeppni, einkum ef hún leiði til betri þjónustu eða lægra verðs.

„Við höfum séð tölvupóstsamskipti sem sýna svart á hvítu að fasteignasalar segjast geta hækkað verð um heila milljón á kostnað kaupanda,“ segir Breki. „Auðvitað eru langflestir fasteignasalar heiðarlegir en þarna eru líka rotin epli innan um.“

Neytendasamtökin vilja að tveir fasteignasalar komi að viðskiptum, einn fyrir kaupanda og annar fyrir seljanda. Einnig að ekki megi gera tilboð í íbúð fyrr en í fyrsta lagi sólarhring eftir að hún hefur verið sýnd. Opna verði fyrir öll tilboð í opnu ferli og tryggja auknið gagnsæi. Rafrænt opið umhverfi ætti að hjálpa þar til að sögn Breka.

Þá segir Breki þurfa úrskurðarnefnd vegna fasteignaviðskipta, úrræði áður en mál fari fyrir dóm. ■

Aldrei fleiri skemmtiferðaskip

FERDAPJÓNUSTA Metfjöldi skemmtiferðaskipa kemur til Íslands á næsta ári. Skipunum fjölga um nærri þrjú hundruð frá því í ár. Helstu hafnir eru þegar uppseldar einhverja daga á næsta ári.

Samtals komu 478 skemmtiferðaskip til hafnar í Reykjavík, á Ísafirði og Akureyri í ár, en þegar hafa 763 skip pantað hafnarlegu á næsta ári.

„Ástæða þessa uppgangs er þriþætt, stóri markaðurinn í Karíbahafi er löngu mettaður, Úkraínustriðið hefur lokað fyrir demantinn í Eystrasaltssiglingum, sem er Pétursborg í Rússlandi, og svo er ný og ferðavön kynslóð að uppgötva töfra norðurslóða,“ segir Gunnar Tryggvason, hafnarstjóri Faxaflóahafna. **SJÁ SÍÐU 4**



Fimm ár við völd

„Við getum treyst því að ekkert okkar stingur annað í bakið,“ segir Katrín Jakobsdóttir um samstarfið við Sigurð Inga Jóhannsson og Bjarna Benediktsson. Katrín fagnar í dag fimm árum sem forsætisráðherra. **SJÁ SÍÐU 8 FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE



VERTU
GLEÐIGJAFI



Lovísa Arnardóttir.

Lovísa ráðin fréttastjóri

FJÓLMIDLAR Lovísa Arnardóttir hefur verið ráðin fréttastjóri á Fréttablaðinu. Lovísa starfaði áður sem vaktstjóri á vef Fréttablaðsins, fréttablaðið.is, en hún hefur starfað sem blaðamaður hjá Torgi í fimm ár. Áður starfaði Lovísa við réttindagæslu og skýrsluskrif hjá UNICEF.

Lovísa er með BA-gráðu í stjórn-málafræði frá Háskóla Íslands, meistargráðu í mannréttindafræðum frá UCL í London og meistargráðu í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík.

„Á Fréttablaðinu starfar öflugur og flottur hópur blaðamanna sem flytur góðar og traustar fréttir á hverjum degi og ég er spennt fyrir því að halda áfram að starfa með þeim sem fréttastjóri á ritstjórn Fréttablaðsins. Þetta er mikill heiður,“ segir Lovísa. ■

Réttlæti



Puriður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands, færði þingmönnum húfu með áletruninni „Réttlæti“ í gær í tilefni af alþjóðadegi fatlaðs fólks sem er á sunnudaginn. Puriður hvatti til þess að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks yrði lögfestur hið fyrsta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ekkert sólbað þrátt fyrir mikinn hita

jonthor@frettabladid.is

VEDUR Hitinn gæti farið upp í fjórtán eða fimmtán gráður á Norðurlandi í dag, síðasta dag nóvembermánaðar. Þetta segir Þorsteinn V. Jónsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands. Hann segir að mánuðurinn hafi verið sá hlýjasti síðan mælingar hófust.

Þrátt fyrir þennan mikla hita verður ekki tilefni til að fara í sólbað, segir Þorsteinn hlæjandi spurður út í það, en að hans sögn verður strekkingsvindur á Norðurlandi. Þó ætti að vera nokkuð þurrt þar en væta annars staðar á landinu. Á höfuðborgarsvæðinu gæti hitinn farið upp í tíu stig. Í gær var hitinn um fimm til sex stig í Reykjavík og mun fara hækkandi að sögn Þorsteins.

Þetta verða þó síðustu hlýndin í bili. Á fimmtudag og föstudag mun



Sumarhiti verður á Akureyri í dag.

kólna og verður laugardagurinn ansi kaldur.

Þorsteinn sér ekki fram á að það fari að snjóa fyrir en kannski seint í næstu viku, þá líklegast á Norðurlandi. ■

Notar sparifé til að borga rafmagnsreikninginn

Íslendingur sem búsettur er í Lundúnum segir breskan almenning vera í óþægilegri stöðu vegna hækkunar á verði á rafmagni. Hún segist nota peninga af sparnaðarreikningnum til að kynda húsið.

sigurjon@frettabladid.is

BRETLAND Orkuverð hefur víða hækkað í heiminum en líklega hefur það hvergi hækkað jafnmikið og í Bretlandi. Bretar hafa þurft að grípa til örþrifaráða til þess að ná að halda sér og húsum sínum heitum.

„Þetta er búin að vera rosalega mikil hækkun á svo stuttum tíma,“ segir Sigríður Sigurðardóttir, tréskurðarkona og formaður Íslendingafélagsins í Lundúnum. Hún hefur búið þar síðan 2008 og á mann og tvö börn.

„Maður kyndir bara húsið og tekur af sparnaðarreikningnum á meðan það er eitthvað á honum, þetta er svolítið óþægileg staða,“ segir Sigríður en hún segir rafmagnsreikning sinn hafa fjórfaldast síðan í mars á þessu ári.

Í mars var venjulegur rafmagnsreikningur hjá henni 80 pund, um 14 þúsund krónur. Núna sé reikningurinn hins vegar kominn upp í 350 pund, eða um 60 þúsund krónur og möguleiki á að hann hækki enn frekar.

Sigríður segist reyna að vera ekki með þetta á heilanum. „Það er óþægilegt að hugsa til þess að kannski fer verðið ekki til baka. Hvort við séum bara að halda áfram upp í 100 þúsund krónur á mánuði, þetta er ógnvænlegt,“ segir hún.

Veðrið í Lundúnum hefur verið milt undanfarnar vikur og því segist Sigríður minna hafa fundið fyrir aukinni notkun á rafmagni, en



Veðrið í Lundúnum hefur verið milt undanfarið og því hafa íbúar borgarinnar ekki tekið eftir mikilli aukningu í rafmagnsnotkun. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Núna er farið að kosta ákveðið mikið að gera bolla af tei.



Sigríður Sigurðardóttir, formaður Íslendingafélagsins í London

það breytist þó þegar fer að kólna. „Það eru líklegast hærri reikningar á leiðinni í janúar og febrúar, þegar það er alvöru kuldi,“ segir Sigríður.

Hún segir fólk grípa til ýmissa ráða til að spara rafmagn og hita, eins og styttri sturtur og að troða álpappír bak við ofna til að dreifa hitanum betur. „Ég er ekki nógu dugleg að kynna mér nýjustu fræðin í hitun á húsum,“ segir hún.

„Ég er svolitill Íslendingur,“ segir Sigríður og segist eiga erfitt með að þurfa að spara vatn og hita, enda er það ekki venjan á flestum heimilum á Íslandi. „Ég reyni að hafa þetta á bak við eyrað en ég er svolítið vanaföst. Þetta er alveg hræðilega mikil eyðsla á peningum og orku.“

Sigríður grínast og segir Bretana finna meira fyrir þessu. „Eins og til dæmis að hita vatnið í katlinum, þau drekka svo mikið te að núna er farið að kosta ákveðið mikið að gera bolla af tei,“ segir hún. ■

VILKO 50 ára
Kakósúpa 175g e
Súpuflútt sem blandast út í 1 lítra af vatni
- einfaldara getur það ekki verið!
50 ára 1969 - 2019
VILKO

MG5 Electric

Ný sending á leiðinni í desember.
Tryggðu þér eintak!



Rúmgóður
Hagkvæmur
Snjallvæddur

Í þessum rúmgóða og vel útbúna MG5 Electric færð þú meira pláss fyrir allt fólkið þitt og allan farangurinn ykkar. Hann er síðan ríkulega útbúinn til að gera ferðalagið þægilegra, til dæmis með þróaðri MG Pilot akstursaðstoð og snjallvæddri MGSMART Lite tækni. Rúmgóð og rafdrifin framtíð er mætt með MG5 Electric. Hagkvæm og snjallvædd með nóg pláss.

MG5 61 kWh Luxury

400 km drægni*, 479 l farangursrými, 7 ára ábyrgð**
Verð: 5.390.000 kr.

FLEX leiguverð: 143.090 kr. á mán.

Miðað við 36 mánuði og 18 þ.km. á ári. Nánar á flex.is

mgmotor.is

Recharge yourself



*Uppgefnar tölur um drægni taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vega hefur afgerandi áhrif á drægni rafbíla.

**Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.mgmotor.eu/is-IS/

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Stefnt að kjarasamningum til skemmri tíma

ragnarjon@frettabladid.is

KJARAMÁL Fundarhöld fóru fram í gærkvöldi í Karphúsinu þar sem unnið var að því að ná kjarasamningum fyrir um sjöttu til áttatíu þúsund manns.

Um er að ræða samflot VR, Starfsgreinasambandsins og Landssambands verslunarmanna en þessi félög funda fyrir hönd sáttunarfélaga.

„Við sitjum enn og munum væntanlega sitja eitthvað inn í kvöldið,“ sagði Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka



Efling hefur nú þegar sent tilboð um skammtímasamninga til SA en ekki er vist hvort því verði tekið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

atvinnulífsins (SA). Hann vildi þó ekkert gefa upp um það hvort hann teldi það líklegt að samningar næðust.

VR hafði boðað slit á viðræðum fyrr í vikunni en Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, sagði það óásættanlegt hvernig samninganefnd SA hefði viljað nálgast skammtímasamninga í kjaraviðræðum á almennum vinnuarkaði.

Yfirlýst markmið SA hefur verið að gera kjarasamninga til styttri tíma þar sem mikil óvissa sé í efnahagsmálum. Mikilvægt sé að þær

launahækkanir sem verða komi ekki til með að auka verðbólgu.

Stéttarfélagið Efling tekur ekki þátt í viðræðunum sem fram fóru í gær þar sem forráðamenn stéttarfélagins hafa ekki vísað deilu sinni til sáttasemjara.

Efling hefur þó sent SA tilboð um um kjarasamning sem myndi gilda til loka janúar 2024 verði hann samþykktur.

Samningurinn myndi fela í sér fastar krónutöluhækkanir upp á 56.700 krónur á mánuði auk sérstakrar framfærsluuppþótar upp á 15.000 krónur á mánuði. ■

Mikill munur á kostnaði á milli sveitarfélaga

kristinnhaukur@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Nærri þrefaldur munur er á kostnaði við hvert leikskólubarn innan sveitarfélaga. Mestur er kostnaðurinn hjá Reykhólahreppi á Vestfjörðum, 4.887 krónur daglega á hvert barn. Hjá Tálknafjarðarhreppi er kostnaðurinn aðeins 1.715 krónur.

Þetta kemur fram í svari Ásmundar Einars Daðasonar menntamálaráðherra við fyrirspurn Lilju Rannveigar Sigurgeirsdóttur, þingmanns Framsóknarflokksins.



Kostnaður hjá Reykhólahreppi er 4.887 krónur á hvert barn á dag.

Að meðaltali er kostnaður sveitarfélaganna 2.435 krónur, þegar búið er að draga þjónustukostnaðinn frá og innri leigu.

Á höfuðborgarsvæðinu er kostnaðurinn hæstur hjá Seltjarnarnesbæ, 3.082 krónur, en lægstur hjá Mosfellsbæ, 1.945 krónur. Hjá Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbæ og Kópavogsbæ er kostnaðurinn í kringum 2.500 krónur.

Af fjölmennari sveitarfélögum landsins er kostnaðurinn einna lægstur hjá Akraneskaupstað, Akureyrar bæ og Reykjanesbæ. ■

Komum skemmtiferðaskipa fjölgar

Metfjöldi skemmtiferðaskipa kemur til landsins á næsta ári og fjölgar um nærri þrjú hundruð frá því í ár. Helstu hafnir eru þegar uppseldar einhverja daga á næsta ári. Ekkert lát er þó á bókunum.

ser@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Fjöldi skemmtiferðaskipa sem væntanlegur er á næsta ári til þeirra þriggja hafna hér á landi sem þjónusta flestu fleyin af því tagi, í Reykjavík, á Ísafirði og Akureyri, nálgast nú átta hundruð. Fjöldunin frá því í ár verður ekki minni en sextíu prósent.

Samtals komu 478 skemmtiferðaskip til þessara hafna í ár, en þegar hafa forkólfar 763 skipa pantað þar hafnarlegu á næsta ári – og sér ekki fyrir endann á bókunum.

„Það er orðið uppselt hjá okkur einhverja daga á næsta ári,“ segir Gunnar Tryggvason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, en fyrir vikið gætu einhver skip þurft að liggja við festar á ytri höfninni.

Hann segir 180 skip hafa lagst við Gömlu höfnina og Skarfabakka í ár, en þegar hafi 270 verið bókuð á næsta ári. Tekjur af þjónustunni fari úr 700 milljónum í ár yfir á annan milljarð á næsta ári.

„Ástæða þessa uppgangs er þriðja, stóri markaðurinn í Karibahafi er löngu mettaður, Úkraínustríðið hefur lokað fyrir demantinn í Eystrasaltssiglingum, sem er Pétursborg í Rússlandi, og svo er ný og ferðavön kynslóð að uppgötva töfra norðurslóða,“ útskýrir Gunnar.

Pétur Ólafsson, hafnarstjóri Hafnarsamlags Norðurlands, bætir því líka við að Asíumarkaðurinn í siglingum af þessu tagi hafi gefið eftir. Á því græði norðurslóðir. Og hann



Ný og ferðavön kynslóð er að uppgötva töfra norðurslóða.



Gunnar Tryggvason, hafnarstjóri Faxaflóahafna

getur ekki kvartað yfir vextinum á milli ára. „Við förum úr 180 skipum í ár í minnst 280,“ segir hann, en gnoðin nyrðra liggja jöfnum höndum við kajann á Akureyri, Hrísey og Grímsey.

„Þessum skipum hefur einna mest fjölgað í Hrísey, en allt að sextíu

Farþegaskipti færast í vöxt

Áætlað er að á næsta ári fljúgi minnst 85 þúsund ferðamenn hingað til lands, gagnert til að fara um borð í skemmtiferðaskip og sigla með þeim hringinn í kringum landið, áður en þeir fljúga aftur heim á leið. Þessi farþegaskipti færast mjög í vöxt hér á landi.

„Það er rosalegur virðisauki af þess,“ segir Pétur Ólafsson, hafnarstjóri Akureyri, en ætla megi að téður hópur kalli á 250 þúsund gisti-nætur á næsta ári.

Samtals komu 478 skemmtiferðaskip til þriggja hafna í ár, en þegar hafa forkólfar 763 skipa pantað þar hafnarlegu á næsta ári – og sér ekki fyrir endann á bókunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

minni skip hafa boðað komu sína þangað á næsta ári,“ segir Pétur og áætla að tekjur af skipakomunum nyrðra á næsta ári nálgist milljarðinn.

Sami uppgangur er á Vestfjörðum. Guðmundur Magnús Kristjánsson, sem klárar áratugalanga hafnarstjóravaktina sína í næsta mánuði, man ekki annað eins. „Við erum að

auka viðlegurýmið hérna á utanverðri eyrinni um helming,“ bendir hann á – og veitir ekki af. Ekki færri en 213 skip verða bundin við ísfriskar landfestar árið 2023, en voru 118 í ár.

„Tekjuaukning hafnarsjóðs verður veruleg, fer úr helmingi af tekjum hans í minnst sjöttu prósent,“ segir Guðmundur. ■

Flýja Valhöll vegna framkvæmda

ser@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Forkólfar Ríkiskaupa leita nú að nýju húsnæði fyrir starfsemi Heyrnar- og talmeina-stöðvar Íslands.

Heyrnarog talmeina-stöð hefur verið til húsa í Valhöll við Háaleitisbraut í á fimmta áratug sem hentar starfsemi ekki lengur.

„Aðstaðan þar hefur verið ófullnægjandi um skeið og nánast ónot hæf undanfarin misseri vegna framkvæmda á lóð, aðgengismála og þrængsla,“ segir í tilkynningu hins opinbera sem leitar að allt að 850 fermetra aðstöðu fyrir stöðina.

Hátt í tuttugu þúsund manns treysta á þjónustu stofnunarinnar, sem skráir árlega um 23 þúsund samskipti við þjónustuþega sína sem glíma ýmist við mikla eða algera heyrnarskerðingu, eða eiga örðugt með tal.



Frá athafnasvæðinu við Valhöll.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Nú er leitað að nútímalegu húsnæði fyrir stöðina,“ segir í tilkynningunni og bent á að starfsemi stöðvarinnar felist meðal annars í heyrnarmælingum „og er hljóðvist og kröfur til innri rýma því ítarlegri

og meiri en ef um almennt skrifstofuhúsnæði væri að ræða.“

Á lóð Valhallar er í byggingu 5.000 fermetra hús á nokkrum hæðum sem rýma á tæplega 50 íbúðir og skrifstofur. ■

JÓLAKRANS STÓR

Ótrúlegt verð

ADÉINS 4.960,- MEÐ VSK.

TILBOÐ á stóra kransinum. 1.984 kr m. vsk.

OPIÐ 9-17 MÁN-LAU

BLÓMAHEILDSALAN

Samasem

GRENSÁSVEGI 22

Afmælistilboð Múrbúðarinnar

Afmælisafslætti lýkur um helgina

20% AFMÆLISAFSLÁTTUR



Loftljós



Kastarar



Rafhlöðukastarar – frábærir í bílinn

20% AF

Trappa með hillu 4 þrep

7.996

Áður kr. 9.995

5 þrepa kr. **9.196**

áður 11.495



20% AF

20% AF



Tvöföld A trappa - 2 þrep

3.996

Áður kr. 4.995

Einfaldur stigi - 8 þrep

7.196

Áður kr. 8.995

10 þrepa kr. **9.596** áður 11.995

12 þrepa kr. **12.796** áður 15.995

14 þrepa kr. **19.196** áður 23.995



20% AF

20% AF

Fjölnota stigi 3x7 þrep

19.196

Áður kr. 23.995

3x8 þrepa kr. **23.996**

áður 29.995

3x10 þrepa kr. **31.996**

áður 39.995



20% AF

Heimilistrappa 3 þrepa

5.516

Áður kr. 6.895

4 þrepa kr. **6.716** áður 8.395

5 þrepa kr. **7.996** áður 9.995

6 þrepa kr. **9.596** áður 11.995



Fjölnota stigi 2x11 þrep


23.996

Áður kr. 29.995

2x13 þrepa

kr. **35.996**

áður 44.995



20% AF




20% AF

Vinnupallur 2x6 þrep

1140x330

18.796

Áður kr. 23.495



30% AFSLÁTTUR AF JÓLASERÍUM

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla í

20 ár
2002 - 2022

Tvö ný steinefni finnast í loftsteini

ragnarjon@frettabladid.is

VÍSINDI Hópur kanadískra vísindamanna sem rannsakaði loftstein sem fundist í Sómaliu árið 2020 hefur uppgötvað í honum tvö ný steinefni sem aldrei hafa fundist áður í náttúrulegum aðstæðum á jörðinni.

Steinefni hafa fengið nöfnin elkinstantonite og elaliite en þau fundust í sjötíu gramma sýni úr steininum sem fannst nærri bænum El Ali í Sómaliu. Steininn er sá niundi stærsti sem fundist hefur í sögunni en heimamenn í bænum sögðust hafa vitað af steininum í margar kynslóðir og að um hann hefðu



Brotið úr loftsteininum sem fannst í Sómaliu. MYND/ALBERTA-HÁSKÓLI

verið samdir margir söngvar og ljóð. Steinefni sem fundust í loftsteininum hafa áður verið búin til á rannsóknarstofum en höfðu aldrei fundist í náttúrunni. ■



Twitter, Telegram og Instagram eru ólöglegir í Kína.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Gert að eyða vestrænum smáforritum

helgisteinar@frettabladid.is

KÍNA Lögreglan í nokkrum kínverskum stórborgum hefur byrjað að skoða síma hjá almennum borgurum til að athuga hvort í þeim séu ólögleg vestræn smáforrit.

Samfélagsmiðlar eins og Twitter, Instagram og Telegram eru ólöglegir í Kína en mótmælendur hafa einmitt notað þessa miðla til að eiga samskipti og skipuleggja mótmæli vegna harðra sóttvarnareglna. Þrátt fyrir að slíkir samfélagsmiðlar og aðrar vestrænar vefsíður á borð við Facebook og YouTube séu bannaðar í Kína hafa netverjar notast við

VPN-nettengingar til að komast inn á þær.

Í Sjanghaí stóðu lögreglumenn á Torgi fólksins við aðalverslunargötu borgarinnar og fóru í gegnum síma vegfarenda. Auk þess að leita að ólöglegum smáforritum var fólki einnig skipað að eyða öllum óæskilegum myndum og myndböndum sem tengjast mótmælunum.

William Yang, fréttamaður hjá Deutsche Welle, sagði að verið væri að stöðva vegfarendur af handahófi. „Það getur gerst hvar sem er, annaðhvort úti á götu eða þegar gengið er inn í verslunarmiðstöð,“ sagði Yang. ■



Lögreglan fékk 1.787 tilkynningar um heimilisofbeldi og ágreining milli skyldra eða tengdra aðila fyrstu níu mánuði ársins 2022.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Lögreglu tilkynnt um sjö heimilisofbeldismál á dag

Í nýrri skýrslu ríkislögreglu-stjóra um heimilisofbeldi kemur fram að lögreglan fer í sjö heimilisofbeldismál á dag. Flest tilvik heimilisofbeldis voru af hendi maka eða fyrrverandi maka. Mál er varða ofbeldi foreldris í garð barns hafa nær tvöfaldast síðan 2016. Fjöldi nálgunarbanna er þó ekki í takt við fjölgun mála.

benediktboas@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Lögreglan fékk 1.787 tilkynningar um heimilisofbeldi og ágreining milli skyldra eða tengdra aðila fyrstu níu mánuði ársins. Jafngildir það að meðaltali tæplega sjö slíkum tilkynningum á dag eða 198 tilkynningum á mánuði.

Hefur fjöldi tilkynninga til lögreglunnar um heimilisofbeldi og ágreining milli skyldra eða tengdra aðila aldrei verið meiri, eflítið er til sama tímabils síðustu sjö ára.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu ríkislögreglustjóra um heimilisofbeldi.

Þar segir að þegar eingöngu er litið til heimilisofbeldismála, það er tilvika þar sem grunur er um brot á borð við líkamsárásir, hótanir eða eignaspjöll, eru tilvikin 832 á fyrstu níu mánuðum ársins.

Í 78 prósentum tilvika heimilisofbeldis var árásaðili karl og í 67 prósentum tilvika var brotþoli kona. Flest tilvik heimilisofbeldis, eða 64 prósent mála, voru af hendi maka eða fyrrverandi maka.

Mál er varða ofbeldi foreldris í garð barns hafa nær tvöfaldast. Þau voru að meðaltali 6–7 á mánuði árin 2016–2020, en fjölgaði í fyrra og voru að meðaltali ellefu á mánuði fyrstu níu mánuði ársins. Þegar horft er til aldurs brotþola er varðar heimilisofbeldi vegna fjölskyldutengsla eru um 30 prósent þeirra undir 18 ára. Um 12 prósent árásaðila í slíkum málum eru undir 18 ára.

12%

árásaraðila í heimilisofbeldi þar sem eru fjölskyldutengsl eru undir 18 ára.

37%

mann-drápsmála frá 1999–2020 eru heimilisofbeldismál.

91

beiðni var um nálgunarbann og hefur þeim ekki fjölgað í takt við fjölgun heimilisofbeldismála.

108

Endurtekið ógnað lífi og heilsu.

Tilkynningar til lögreglu


Landsbyggð

29%

Höfuðborgarsvæðið

71%

Verknaðaraðferð



■ Hnífstunga/eggvopn ■ Kyrking
■ Högg eða spörk
■ Skotáverkar ■ Eldsvæði/Bruni
■ Fall ■ Drukknun

Í skýrslunni segir að fyrsta úttekt á eftirfylgni Íslands á Istanbul-samningnum, samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi, hafi verið birt. Hún kom út á sama tíma og skýrsla Ríkisendurskoðunar um sölnuna á Íslandsbanka og vakti litla athygli.

Þar er meðal annars bent á mikilvægi nálgunarbanns og brottvísana til að vernda brotþola heimilisofbeldis, þar með talin börn. Beiðni um nálgunarbann á Íslandi voru 91 og hefur þeim ekki fjölgað í takt við fjölgun heimilisofbeldismála. Sjaldgæft er að nálgunarbann sé sett vegna barna hér á landi, segir í skýrslu ríkislögreglustjóra.

Úttektin bendir einnig á nauðsyn þess að setja upp kerfi til að yfirfara manndrápsmál á heimilum til að koma í veg fyrir þau og leysa kerfislega annmarka á mati á áhættu.

Ríkislögreglustjóri hefur haft manndrápsmál á árunum 1999–2020 til skoðunar. Um 37 prósent manndrápsmála á þessu tímabili voru heimilisofbeldismál, og rétt yfir fimmtungur þar sem um var að ræða maka eða fyrrverandi maka. Kanna þarf vel þann möguleika að leggja heildstætt mat á þau mál sem hafa komið upp og tengjast heimilisofbeldi. Við þá vinnu þyrfti að horfa til meðal annars sambærilegrar vinnu breskra stjórnvalda og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. ■

Kristnu fólki fækkar bæði á Englandi og í Wales

ragnarjon@frettabladid.is

BRETLAND Í fyrsta skipti í sögunni telur minna en helmingur íbúa á Englandi og í Wales sig vera kristinn samkvæmt nýjustu manntalsupplýsingum. Heildarfjöldi kristinna á þessum svæðum er nú í kringum 47 prósent.

Könnun sem byggir á tölum sem safnað var árið 2021 sýnir þrettán prósent fækkun þeirra sem telja sig kristinnar trúar en á sama tíma hefur þeim sem jata íslamska trú



Könnunin sýnir fram á aukid truleysi og fjölbreytni meðal íbúa á Englandi og í Wales.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

fjölgað um tæplega tvö prósent. 37 prósent íbúa telja sig ekki tilheyra neinni trú og er það næstfjölmennasti hópur innan samfélagsins á eftir kristnum.

Könnunin sýnir að á síðustu tuttugu árum hefur prósentutala þeirra sem telja sig trúlaus hækkað um nærri 22 stig sem sýnir að trúleysi fer ört vaxandi. ■

RAFMÓTORAR



SCANVER 588 80 40
EHF www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

TIL HAMINGJU

með tilnefningu til

Hvatningarverðlauna ÖBÍ!

Arna Sigríður Albertsdóttir - hreyfing og íþróttaiðkun fatlaðs fólks, vitundarvakning

Ferðamálastofa - verkefnið „Gott aðgengi í ferðapjónustu“

Harpa Cilia Ingólfssdóttir - framlag til aðgengismála fatlaðs fólks

Helga Eysteinsdóttir - náms- og starfsþjálfun fatlaðs fólks

Ingi Þór Hafsteinsson - frumkvæði að veiðiferðum fatlaðra barna

Piotr Loj - þjálfun og upplifun fyrir fatlað fólk í gegnum sýndarveruleika

Rannveig Traustadóttir - framlag til réttindabaráttu fatlaðs fólks

Sylvía Erla Melsted - lesblinda, vitundarvakning

Hvatningarverðlaun ÖBÍ eru veitt ár hvert á alþjóðadegi fatlaðs fólks, 3. desember.

Verðlaunin eru veitt þeim sem hafa með verkum sínum stuðlað að einu samfélagi fyrir alla og endurspegla nútímalegar áherslur um þátttöku, sjálfstæði og jafnrétti fatlaðs fólks. Markmiðið er alltaf líf til jafns við aðra.

Ég vinn á bak við tjöldin



Björn
Þorláksson
bth
@frettabladid.is

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segist líta á Bjarna Benediktsson og Sigurð Inga Jóhannsson sem vini sína í ákveðnum skilningi, þar sem samstarfið við þá byggir á góðu trausti. Hún hefur engar áætlanir um að hætta í stjórn-málum og talar af virðingu um Krístrúnu Frostadóttur.

bth@frettabladid.is

Katrín Jakobsdóttir fagnar í dag fimm ára tíð sem forsætisráðherra. Mörg spjót hafa staðið á henni síðan hún myndaði ríkisstjórn með fyrrum skilgreindum höfuð-andstæðingi vinstri manna, Sjálfstæðisflokknum, auk Framsóknarflokksins. Margir spáðu skammlífi stjórnarinnar og miklum átökum, raunin varð önnur. Aðeins tveir forsætisráðherrar hafa síðustu hálfu öldina setið lengur sem forsætisráðherrar en Katrín.

Hvað sem fólki kann að finnast um stjórnartíðina verður ekki annað sagt en að Katrín sé hispurslaus manneskja sem lætur hendur standa fram úr ermum. Sú hugmynd Fréttablaðsins að viðtalið vegna tímamótanna við forsætisráðherra fari fram á skrifstofu hennar en ekki í setustofu Stjórnarráðsins eins og hún sá fyrir fer ekki vel í hana. Katrín er tímabundin og þessi ósk kallar á ráðstafanir.

Það er líkt og forsætisráðherra umturnist í Línu Langsokk þegar hún stekkur jafnfætis upp í gluggakistu til að laga gluggatjöld. Þaðan hoppar hún með leifturhraða niður á gólf, nokkuð út á hlið og blaðamanni verður hugsað til eigin öklklabrots fyrir nokkrum misserum. Svo geysist hún um skrifstofuna í skynditiltekt mikilli þar sem fimur fingur koma gögnum á sinn stað. Ekki verður betur séð en margar hendur séu á lofti í einu.

Miklar tilfinningar

„Það voru mjög miklar tilfinningar árið 2017 þegar stjórnin var mynduð,“ svarar hún þegar hún snertilendir í stólum eftir að hafa spurt hvort blaðamaður sé ekki örugglega búinn að stilla tækid á upptöku.

„En það má ekki gleyma því að í byrjun árs 2017 hafði mjög mikið gengið á,“ bætir hún við ákveðin og rifjar í nokkrum orðum upp stjórnarkreppuna eftir skammlífa valdatíð ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks árin á undan.

„Eftir kosningarnar í október 2016 voru gerðar margar atlögur að því að mynda ríkisstjórn og meðal annars tók ég þátt í að minnsta kosti tveimur slíkum atlögum en allt var mjög þungt og flókið á þessum tíma. Eftir að ríkisstjórn Bjartrar framtíðar, Sjálfstæðisflokks og Viðreisnar féll haustið 2017 var aftur blásið til kosninga. Þá ræddum við í VG við Framsóknarflokkinn, Pírata og Samfylkinguna en náðum ekki saman. Það var líka órói vegna þess að sá meirihluti hefði orðið mjög naumur. Þá upphófst þetta samtal um núverandi meirihluta sem vakti mjög heitar tilfinningar.“

Töpuðu strax fylgi

Hún segir mjög miklar kröfur hafa verið settar fram en sjálf hafi hún verið komin niður á jörðina í möguleikum eftir allt bróltið. Hún hafi orðið ánægð með stjórnarsáttmálann en VG hafi tapað miklu fylgi fyrsta árið. Fylgistapið hefur þó ekki komið Katrínu í opna skjöldu, því reynsla systurflokka VG þegar um ræðir setu í ríkisstjórnnum er jafnan keimlík að hennar sögn.

Spurð um þau mál sem hún sé



„Ég vinn á bak við tjöldin, með því á ég við að ég tala ekki við fólk í gegnum fjölmiðla, ég hef unnið með fólki sem gerir það og mér líkar það ekki. Ég held að það sé ekki farsælt til árangurs,“ segir forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir, sem fagnar fimm ára stjórnartíð í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Fólk verður að átta sig á að ég er ekki manneskja sem gengur fram með risastórar yfirlýsingar þótt mér falli ekki eitthvað.

stoltust af síðastliðin fimm ár nefnir Katrín þrepaskipt skattkerfi, lengingu fæðingarorlofs, fjármagnaða aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, allmargar úrbætur í heilbrigðismálum, svo sem lækkan greiðsluþátttöku sjúklinga og stóratak í friðlýsingum.

„Af eigin málum er ég sérstaklega stolt af kynrænu sjálfstæði.“

Seinni hluti fyrra kjörtímabils Katrínar á forsætisráðherrastóli litaðist mjög af heimsfaraldri kórónaveirunnar.

„Það víkja öll önnur mál, það rifst enginn um hvað eigi að vera í matinn þegar húsið brennur.“

Númer eitt, tvö og þrjú hafi verið vernd öryggis borgaranna.

Katrín segist telja eina ástæðu þess að VG fékk bæfilega kosningu árið 2021 að stjórnin hafi staðið sig vel í glímunni við faraldurinn.

Lítur á Bjarna sem vin

Margir stjórn málafræðingar hafa síðan ríkisstjórn Katrínar tók til starfa velt fyrir sér sambandi hennar við Bjarna Benediktsson í stjórninni. Ídulega kemur upp hvort Katrín standi jafnvel harðar með Bjarna

svo sem í Íslandsbankasölu en Bjarni sjálfur. Um það hvort Katrín líti svo á sem hún eigi vin í Bjarna og Sigurði Inga, svarar hún eftir dálitla þögn að ekkert þeirra þriggja hittist utan vinnu, það séu hvorki teboð á sunnudögum né bíóferðir þegar um ræði þau þrjú sem hóp.

„En við höfum öll verið lengi á þingi og þótt við höfum ekki verið í sama liði höfum við kynnst vel í gegnum það samstarf, ekki sist á örlagatímum líkt og í miðju efnahagshruninu,“ segir hún.

„Við hittumst ekki utan vinnutíma en það ríkir mjög mikið traust á milli okkar og traustið er einhvers konar vinskapur. Við getum treyst því að ekkert okkar stingur annað í bakið.“

Spurð hvort þetta traust kunni að blinda forsætisráðherra sýn þegar upp komi erfið mál sem kalli á harðari viðbrögð en sagan sýni, segist hún ekki líta svo á.

„Mín regla er að nálgast svona samstarf á þann hátt að jafnvægið finnist til lengri tíma.“

Stundum verður einn flokkur fúll og finnst hann vera að tapa í samstarfinu en þá getur verið rétt að biða aðeins. Fólk verður að átta sig á að ég er ekki manneskja sem gengur fram með risastórar yfirlýsingar þótt mér falli ekki eitthvað. Ég vinn á bak við tjöldin, með því á ég við að ég tala ekki við fólk í gegnum fjölmiðla, ég hef unnið með fólki sem gerir það og mér líkar það ekki. Ég held að það sé ekki farsælt til árangurs.“

En hverju svarar Katrín þeim sem segja að prinsipplesy hennar virðist slíkt að hún virðist gera allt hvað hún geti til að hanga á völdunum, að pólitíkin í verkum hennar sé horfin?

„Er það ekki bara dæmigert að sumt fólk tali þannig?“ svarar hún að bragði. „Ætli ég hafi ekki sjálf notað þennan frasa áður en ég varð forsætisráðherra,“ segir hún og kímir.

Enn með pólitíska ástríðu

Ég freista þess að fá að vita eitthvað um framtíðarplön Katrínar.

„Kannski langar mig til að vera áfram í pólitík, ekki bara vegna þess að ég brenn fyrir málum heldur líka vegna þess að mér finnst stjórn-málamenn upp til hópa ágætt fólk,“ segir hún. „Kannski sker ég mig frá almenningsálitinu með þessari skoðun.“

Bollaleggingar hafa verið um að Krístrún Frostadóttir kunni að kveðja sér hljóðs sem leiðandi stjórnmalamaður.

„Krístrún hefur komið sterk inn, hún er málefnalegur stjórnmalamaður sem mér hugnast vel.“

Spurð hvort henni sviði aldrei gagnrýni Krístrúnar um meinta undanlátsssemi gagnvart Sjálfstæðisflokknum, jafnvel meðvirkni gagnvart fjármálaráðherra, svarar Katrín án umhugsunar:

„Nei, ég stend föstum fótum. Það er hlutverk Krístrúnar að gagnrýna stjórnina.“

Katrín segist enn með pólitíska ástríðu í blóðinu.

Núverandi kjörtímabil verður ekki þitt síðasta kjörtímabil?

„Nei, nei, nei, en ég hugsa reyndar bara um einn dag í einu.“

Ég er 46 ára gömul og ég verð örugglega ekki stjórnmalamaður alla mína ævi en enn þá finnst mér mjög gaman í pólitík. ■

Nánar á [frettabladid.is](https://www.frettabladid.is)



Það víkja öll önnur mál, það rifst enginn um hvað eigi að vera í matinn þegar húsið brennur.



Í SKJÓLI FYRIR
VEÐRI OG VINDUM
BÍLALÚGURNAR ERU
SVO ÞÆGILEGAR



Bílaapótek

Opið ALLA daga

VESTURLANDSVEGI 9-22

HÆÐASMÁRA 10-23

Opið virka daga

SUÐURFELLI 9-18

LYFJAVAL ER Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM

- Bílaapótek Vesturlandsvegi
- Bílaapótek Hæðasmára
- Bílaapótek Suðurfelli
- Glæsibæ
- Urðarhvarfi
- Mjódd
- Apótek Suðurnesja

Renndu við

Stóraukin áform á Fljótsdalsheiði

Vindorkufyrirtækið Zephyr Iceland hefur ákveðið að tvöfalda stærð vindorkugarða á Fljótsdalsheiði. Fyrirhuguð virkjun mun skila allt að 500 megavöttum. Framkvæmdastjóri Zephyr Iceland segir mikilvægt að nálgast beislun vinds á Íslandi af varfærni.

ggunnars@frettabladid.is

Fyrirtækið Zephyr Iceland hefur um nokkurt skeið áformað að reisa vindorkuver á Fljótsdalsheiði í landi Klaustursels. Upphaflega var gert ráð fyrir að hámarksstærð versins gæti orðið 250 megavött en nú hefur fyrirtækið ákveðið að stækka verkefnið upp í 500 megavött.

Til samanburðar er uppsett afl Kárahnjúkavirkjunar um 690 megavött á meðan Búrfellsvirkjun skilar 250 megavöttum.

Það er því ljóst að áform Zephyr Iceland á Fljótsdalsheiði eru talsvert umfangsmeiri en áður stóð til.

Til að framleiða orku sem skilar 500 megavöttum þyrfti að reisa yfir 100 vindmyllur á heiðinni. Ketill Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Zephyr Iceland, segir eðlilegar skýringar liggja að baki.

„Það er nú bara þannig að fleiri fyrirtæki sem hafa áhuga á að kaupa raforku á Íslandi hafa sett sig í samband. Bæði við okkur og önnur fyrirtæki. Eftirspurnin sem við finnum fyrir leiddi til þess að við teljum skynsamlegt að stækka verkefnið upp í 500 megavött. Það rúmast vel innan svæðis og því heppilegt að miða stærðina við eftirspurnina sem er til staðar.“

Aðspurður hvaða erlendu fyrirtæki hafi sett sig í samband segir Ketill að um slíkar þreifingar ríki jafnan trúnaður.

„En þetta eru nokkur fyrirtæki. Sum hafa fyrst og fremst lýst yfir áhuga á að koma inn með fjármagn en svo eru önnur sem hafa áhuga á að koma inn með tæknina. Þetta þarf allt að falla saman svo verkefni af þessari stærðargráðu verði að veruleika,“ segir Ketill.

Hann segir að í umræðunni um vindorku á Íslandi sé mikilvægt að átta sig á hvað þurfi til svo slíkt verkefni verði að veruleika.

„Það getur verið villandi að horfa á öll þessi svæði sem eru til skoðunar og slá þeim inn í samtölu. Þegar það verður að teljast ólíklegt að öll verkefni verði að veruleika.“

Ketill leggur áherslu á að skynsamlegt sé að skoða fleiri en færri möguleika á þessu stigi.


„Á meðan við erum ekki búin að finna út úr því hvernig við viljum haga regluverkinu er eðlilegt að nokkrir möguleikar séu til skoðunar. Ég verð alla vega ekki var við annað en að þeir sem að þessu koma séu að vanda sig og stíga varfærin skref,“ segir Ketill.

Allt beri þetta þó að sama brunni að hans mati. Bæði hjá vindorkufyrirtækjum og sveitarstjórnnum. „Það er beðið eftir niðurstöðu starfshóps sem vinnur að því að



Vindorkufyrirtækið Zephyr Iceland mun reisa mastur til að mæla vind á Fljótsdalsheiði, líkt og Landsvirkjun hefur gert við Búrfellsvirkjun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Áform um vindorkugarða á Íslandi



Áform eru uppi um á fjórða tug vindorkugarða á landinu öllu. Framkvæmdastjóri Zephyr Iceland segir ólíklegt að öll verkefni verði að veruleika.

kortleggja stöðuna. Við þurfum að sjá hver línan verður hjá ríkinu áður en hafist er handa. Við höfum ekki verið að pressa á einn eða neinn í þeim efnum. Þetta þarf að hafa sinn eðlilega gang og gerast í fullri sátt. Það er mikilvægt.“

Ketill segist í þeim efnum skilja afstöðu Múlaþings sem hefur ekki viljað fara í skipulagsbreytingar fyrir einstök verkefni fyrr en búid er að skýra regluverk hins opinbera.

„En við erum í startholunum. Höfum áform og leyfi til að setja

upp mastur til að mæla vind á svæðinu og það er það sem við vonumst til að geta gert næsta sumar. Það er mikilvægt skref í þessu undirbúningsferli. Að safna gögnum og stíga varfærin en ákveðin skref.“

Jónína Brynjarsdóttir, forseti sveitarstjórnar og formaður umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings, tekur í sama streng og Ketill. Hún verður ekki vör við annað en að sveitarfélög um allt land séu að nálgast fyrirhuguð vindorkuverkefni af varfærni.



Eftirspurnin sem við finnum fyrir leiddi til þess að við teljum skynsamlegt að stækka verkefnið.



Ketill Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Zephyr Iceland



Jónína Brynjarsdóttir, forseti sveitarstjórnar Múlaþings

Það sé því farsælast á þessum tímamarki, að mati Jónínu, að biða eftir niðurstöðu starfshóps um vindorku.

„Stjórnmöld þurfa að átta sig á því að þetta verður að vera samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga. Ég veit fyrir vist að það góða fólk sem er að vinna í þessu fyrir ráðuneytið er vel meðvitað um það.“

Mikilvægast sé, að mati Jónínu, að fólk haldi ró sinni og vandi sig.

„Það er enginn á því að best sé að reisa ótal risastóra vindorkugarða upp um allar heiðar. Það á jafnt við um okkur hér fyrir austan og annars staðar á landinu. Fyrsta skrefið er að koma upp skýrum lagaramma og gæta þess að um hann ríki breið sátt og sameiginlegur skilningur,“ segir Jónína. ■



ÓSKASKRÍN GEFUR SVO MARGT

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is

Óskaskrín

Íbúðir rjúka ekki lengur út af markaðinum

Verð á fasteignum hækkar þrátt fyrir aukið framboð á nýjum íbúðum og er hátt verðlag talið valda minni eftirspurn. Fasteignasali hefur áhyggjur af sölustöðnun og telur að vextir þurfi að lækka til að fólk geti selt eða keypt.

helgisteinar@frettabladid.is

Þrátt fyrir tæplega fimmtungs fjölgun á íbúðum sem eru í byggingu og minni eftirspurn eftir húsnæði heldur húsnæðisverð engu að síður áfram að hækka. Hátt verðlag og vaxtastig eru talin vera helstu ástæður fyrir dvinandi eftirspurn á húsnæði.

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands voru rúmlega fimm þúsund íbúðir í byggingu á landinu á síðasta ári og er það aukning um næstum tólf hundruð milli ára. Heildarfjöldinn á höfuðborgarsvæðinu var um tvö þúsund og níu hundruð en tölfræðingar hafa sagt þessa tölu ekki vera fullnægjandi til að mæta eftirspurn.

Miklar sveiflur á seinustu árum hafa einkennt fasteignamarkaðinn og hefur framboð og eftirspurn ekki endilega haldist í hendur við raunverulegt verðmat fasteigna.

Páll Pálsson fasteignasali bendir á að eftir Covid hafi komið upp aðstaða á íslenskum fasteignamarkaði þar sem var ekkert framboð, rosalegir vextir og mikil eftirspurn á sama tíma og segir hann að markaðurinn muni líklega aldrei



Fasteignir hafa hækkað um 1 prósent síðustu þrjú mánuði og 20 prósent síðustu tólf mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

aftur sjá þetta þrennt gerast á sama tíma.

Hann bætir við að frá árunum 2016 til 2017 hafi orðið hækkun á fasteignamarkaði sem staðnaði svo 2018 til 2019. Þar sátu verktakar uppi með rúmlega 700 íbúðir sem voru tilbúnar til afhendingar sem enginn vildi kaupa. Í kjölfarið hafi myndast ákveðin pattstaða þar

sem bankar vildu ekki fjármagna fleiri íbúðir fyrr en verktakar væru búnir að selja þær sem voru þegar á markaðnum.

„Fasteignamarkaðurinn hefur séð 1 prósent hækkun á síðustu þremur mánuðum en það er líka búin að vera 20 prósent hækkun á síðustu 12 mánuðum sem þýðir að langstærsti hluti af þessari hækkun

átti sér stað á fyrri hluta árs. Það sem kom okkur hins vegar öllum á óvart var þessi 0,6 prósent hækkun sem kom í október,“ segir Páll.

Það sem veldur fasteignasölum einnig áhyggjum er að sölutíminn á hverri íbúð er að verða lengri, ólíkt því sem sást fyrir tveimur árum þegar íbúðir ruku út af markaði nánast jafn hratt og þær komu inn.



Laun hafa hækkað um 7,6 prósent á þessu ári en á sama tíma hefur fasteignaverð hækkað um 20 prósent.



Páll Pálsson, fasteignasali

„Ef laun hækka í takt við fasteignaverð og við sjáum rúmlega tvö þúsund eignir inni á fasteignamarkaði á hverjum tíma, myndi ég kalla það hið fullkomna jafnvægi. Laun hafa hækkað um 7,6 prósent á þessu ári en á sama tíma hefur fasteignaverð hækkað um 20 prósent,“ segir Páll og bætir við að í núverandi ástandi ættu allir að geta keypt og selt, en vextir þurfi einfaldlega að lækka. ■

HVERFISGALLERI



Hverfisgallerí
Hverfisgata 4
101 Reykjavík
Iceland

hverfisgalleri.is

Til sölu

Hverfisgallerí var stofnað árið 2013. Í galleríinu hafa verið haldnar yfir 70 sýningar í húsakynnum þess að Hverfisgötu 4. Þar er sýnd og seld samtímalist. Hverfisgallerí tekur einnig þátt í fjölmörgum alþjóðlegum listakaupstefnum. Frekari upplýsingar um starfsemi gallerísins má finna á hverfisgalleri.is

Áhugasamir um frekari upplýsingar og söluferlið sendi póst á lagahvoll@lagahvoll.is

Skeytingarleysi



Garðar Örn
Úlfarsson
gar
@frettabladid.is

Í sumar sagði Fréttablaðið frá bíræfnum veiðipjöfi við Árbæjarstíflu sem blés á ábendingar vegfarenda um að hann væri að brjóta lög og reglur með tilbúðum sínum. Honum virtist slétt sama og sagðist reyndar ranglega vera í fullum rétti.

Þetta sýnir ef til vill vaxandi virðingarleysi við þær reglur sem samfélag okkur hefur sett sér og er ætlað að tryggja réttlæti og virðingu meðal manna. Og ekki bætir úr skák vanmáttur og stundum skeytingarleysi þess fólks sem á að halda uppi lögum og reglu.

Veiðipjöfurinn við Árbæjarstíflu var staðinn að verki og lögregla kölluð til. Þegar laganna verðir mættu á staðinn hafði garpurinn loks hunskast frá árbakkanum og gekk í hægðum sínum að lögregluþjónunum sem áttu við hann notalegt spjall.

Þannig háttar til í Elliðaánum að Stanga-veiðifélag Reykjavíkur hefur veiðiréttinn á leigu og selur veiðileyfi yfir sumartímenn. Veiðimenn þurfa að fylgja ákveðnum reglum auk landslaga. Þessi lög eru ekki aðeins til að vernda hagsmuni veiðiréttarhafa heldur einnig, og ekki síður, til að vernda þá fiskistofna sem treysta á árnar sem sitt búsvæði og undirstöðu.

„Markmið laga þessara er að kveða á um veiðirétt í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra,“ segir í lögum um lax- og silungsveiði.

Veiðipjöfurinn ofan Árbæjarstíflu braut að minnsta kosti þrjár lagagreinar. Hann var við veiðar á bannsvæði með því að hafa verið of nærri stíflunni. Þá var hann að veiða á spún sem bannað er í Elliðaánum og í þriðja lagi var hann ekki með veiðileyfi.


Í lögum um lax- og silungsveiði segir að það varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef maður veiðir án leyfis í vatni annars manns og fylgir ekki reglum um veiðitæki eða veiðiaðferð. „Ólögleg veiðitæki og veiðitæki, sem notuð eru með ólöglegum hætti, skulu gerð upptæk,“ segir í lögnum.

Lögreglan í höfuðborginni virðist hafa lítinn smekk fyrir markmiðum þessara laga. Eftir að veiðipjöfurinn fyrrnefndi hafði meðgengið brot sitt báðu lögregluþjónarnir hann einfaldlega um að endurtaka ekki leikinn og hafði hann sig á brott með veiðistöngina sína.

Þessi sérkennilega lexía um lög og reglu, sem endurspeglar því miður stöðluð viðbrögð, virðist vart geta beint mönnum frá því að feta glæpabrautina almennt. ■

”
Ekki bætir úr skák vanmáttur og stundum skeytingarleysi þess fólks sem á að halda uppi lögum og reglum.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Í svörtum fötum

Það er á snjólausum dögum þessa árstíma, þegar varla hefur fyrr birt en að myrkríð minnir á sig, að Íslendingar klæðast svörtu fötunum sínum frá hvirfli til ilja. Það er eitthvað í þjóðarsálinni hjá eyjarskeggjunum á norðurhvara sem gerir það að verkum að þeir treysta sér ekki til að klæðast litríkum fatnaði þegar þeir standa, nývaknaðir, framan við fataskápinn á morgnana. Niðarmyrkríð utan gluggans í svefnherberginu er auðvitað svo niðurdrepandi, frá einum marauðum deginum til annars, að landanum er ekkert annað að skapi en að láta sig hverfa í kol-svartan fatnaðinn.

Draugar fyrir horn

Bilstjórar, líka svartklæddir, á nýju hljóðlausu rafmagnsbílunum sínum, eiga í mestu vandræðum með að sjá þetta skuggalega fólk, sem skýst yfir gangbrautirnar, svo til óforvarandis, eins og draugar fyrir húmdökkt horn, með bæði augun á símunum sínum, af því það gæti verið að missa af einhverjum skilaboðum, eða þaðan af meira áriðandi samfélagsmiðlaupplýsingum. Sem minnir á að ekkert finnst frónbúanum vera hallærislegra en að bera endurskinsmerki utan á alsvörtum gallanum sínum – og fyrr skulu þeir verða fyrir bil, en að láta bera svo rækilega á sér. ■

Lífeyrisþegar borgi mistök stjórnámalamanna



Bolli Hédinsson
hagfræðingur

Ríkisstjórnin hefur kynnt leið sem hún hyggst fara til að ganga frá tug milljarða skuld sem Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur stofnuðu til þegar þeir sátu saman í ríkisstjórn upp úr aldamótum og lofðu upp í ermi þjóðarinnar. Ríkisstjórnin telur heppilegast að lífeyrisþegar í landinu taki þessa skuld á sig í stað þjóðarinnar allrar eins og gildir um allar aðrar ríkisskuldur. Þessu hyggst ríkisstjórnin ná fram með lagasetningu fyrir áramót.

Er það virkilega svo að þingmenn ríkisstjórnarflokkaanna séu svo heillum horfnir að þeir ætli allir með tölu að greiða þessari tillögu atkvæði sitt?

Þessi vegferð ríkisstjórnarinnar vegur ekki aðeins að lífeyrisþegum heldur er hún beinlínis stórhættulegt innlegg í þjóðarbúskapinn. Það eitt að viðra hugmyndir um að breyta einhliða ákvæðum skuldabréfa með ríkisábyrgð hefur þegar og mun kosta þjóðina milljarða á milljarða ofan. Lánveitendur ríkisins, innlendir og erlendir, munu krefjast viðbótar vaxtaálags á öll lán sem ríkissjóður hyggst taka hér eftir. Mögulega er hægt að bæga þessari hættu frá með því að Alþingi neiti að styðja frumvarp ríkisstjórnarinnar um slit Íbúðalánasjóds.

Sú aðferð sem ríkisstjórnin boðar mun óhjákvæmilega auka útgöld Tryggingastofnunar sem þarf að greiða hærri lífeyri til að veita upp skerðinguna sem lífeyrissjóðir grípa til þegar ríkissjóður neitar að greiða skuldabréfin sem voru seld lífeyrissjóðunum með ríkisábyrgð.

Þingmenn ríkisstjórnarflokkaanna hafa fram að þessu látið sig hafa að greiða atkvæði gegn sannfæringu sinni til að sýna fram á hollustu sína. Þegar vegið er að lífeyrisþegum mætti ætla að annað væri upp á teningnum. Skyldu til dæmis allir þingmenn Vinstri grænna, sem á háttárstundum telja sig vera þá sem gæta hagsmuna okkar minnstu bræðra, greiða atkvæði með skerðingu á greiðslum til lífeyrisþega eins og ekkert sé? Hvernig ætla þeir að mæta kjósendum sínum að þeirri gjörð lokinni? ■

”
Lánveitendur ríkisins, innlendir og erlendir, munu krefjast viðbótar vaxtaálags á öll lán sem ríkissjóður hyggst taka hér eftir.

ÚTKALL
MIÐVIKUDAGA KL. 19.30

SRJÓVÁ SVN nettó

Hlutverk karla í baráttunni gegn kynferðisofbeldi



Hjálmar Sigmarsson
ráðgjafi á Stígamótum

Hvað gerum við karlar til að berjast gegn kynferðisofbeldi og kynbundnu ofbeldi almennt? Erum við meðvitaðir um reynsluheim kvenna og annarra jaðarsettra hópa? Meðtökum við hversu umfangsmikil kynbundin mismunun er? Erum við meðvitaðir um eðli og afleiðingar kynferðisofbeldis? Hvað ætlum við að gera?

Undanfarin ár hefur umræðan um kynferðisofbeldi aukist og þróast heilmikið. Brotþólar hafa í auknum mæli stigið fram og sagt frá því ofbeldi sem þau hafa orðið fyrir og afleiðingum þess, og jafnvel opinberað gerendur sína. Umræðan hefur varpað ljósi á að ofbeldi karla gegn konum og öðrum jaðarsettum hópum er mjög umfangsmikið. Konur verða fyrir mismunun daglega en kynferðisofbeldi er alvarlegasta birtingarmynd kynjamisréttis. Með aukinni umræðu er orðin skýrari krafan um að styðja við brotþóla og kalla gerendur ofbeldis til ábyrgðar.



Hvað getum við karlar gert til þess að breyta þessari menningu og skapað nýja þar sem stuðningur við brotþóla er í fyrirrúmi?

Stígamót, miðstöð fyrir brotþóla kynferðisofbeldis, hafa frá upphafi lagt áherslu á að öll umræða um kynferðisbrot sé brotþólavæn, þ.e. að tekið sé mið af reynslu og þörfum brotþólanna. Baráttan gegn kynferðisofbeldi og nauðgunarmenningu felur í sér að skapa nýja menningu, þar sem brotþólar upplifa stuðning og rétt á að leita sér hjálpar og réttlætis. Menning sem einnig krefur og styður gerendur í að taka ábyrgð á því ofbeldi sem þeir hafa beitt. Hvað getum við karlar gert til þess að breyta þessari menningu og skapað nýja þar sem stuðningur við brotþóla er í fyrirrúmi?

Nokkur dæmi um hluti sem við getum gert til að taka þátt í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi:

- Vera meðvitaðri um umfang kynferðisofbeldis, og það hversu margar konur og jaðarsettir einstaklingar upplifa misrétti og ofbeldi daglega.
- Skilja betur eðli kynferðisofbeldis og afleiðinga þess, auk þess að skilja betur tengsl karlmennskuhugmynda og kynferðisofbeldis.
- Skoða hugmyndir okkar og samskipti við konur, hinsegin og kynsegin manneskjur, auk þess að skoða okkar eigin hegðun og hugmyndir um kynlíf, mörk, samþykki, klám og vændi.
- Styðja við brotþóla í okkar nánasta umhverfi og styrkja samtök sem vinna með brotþólum.
- Virkja aðra karla í umræðunni um kynbundið ofbeldi og misrétti.
- Hjálpa gerendum að taka ábyrgð og leita sér aðstoðar.
- Í stuttu máli: Að hlusta og læra meira um kynferðisofbeldi.

Aldrei hefur verið auðveldara á Íslandi að fræðast um málaflokkinn. Á samfélagsmiðlum er hægt að fylgjast með fjölda aktivista, til eru hlaðvörp, heimasíður og heimildarmyndir, og ýmsir aðilar bjóða upp á námskeið og fræðslu um kynbundið ofbeldi og jafnréttismál.

Stígamót bjóða upp á námskeið fyrir karla sem vilja beita sér í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi. Markmiðið með námskeiðinu er að



Umræðan hefur varpað ljósi á að ofbeldi karla gegn konum og öðrum jaðarsettum hópum er mjög umfangsmikið.

veita karlmönnum dýpri skilning á mikilvægum hugtökum og að skapa rými fyrir karla til að ræða þennan málaflokk með öðrum körlum sem hafa áhuga á að taka þátt í baráttunni. Námskeiðið er hugsað bæði fyrir lengra komna og þá sem eru að taka sín fyrstu skref í þessum pælingum. Tilgangurinn með námskeiðinu er að karlar verði færari í að styðja við brotþóla, skoða heildarmyndina og tengslin

á milli kynjamismununar og kynja kerfisins, karlmennskuhugmynda og kynferðisofbeldis, og þar með vinna gegn nauðgunarmenningu og gerendameðvirkni.

Koma svo, strákar!

Nánari upplýsingar um námskeiðið má finna á bandamenn.is. ■

Greinin er birt í tilefni 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi.

SAMSUNG



Quick Share deilum upplifunum



samsungmobile.is

Tók sjálfur upp tólið og bað Jón um starfið



Hörður Snævar Jónsson
hordur
@frettabladid.is

Fyrirverandi landsliðsmaðurinn Ragnar Sigurðsson er nýr aðstoðarþjálfari Fram. Hann hafði sjálfur frumkvæði að því að komast í starfið og hóf störf á mánudag þegar Fram hóf undirbúningstímabil sitt.

FÓTBOLTI Eftir farsælan feril í knattspyrnu ákvað Ragnar Sigurðsson að leggja knattspyrnuskóna á hilluna í upphafi árs. Hann snéri heim til Íslands sumarið 2021 og lék með Fylki í efstu deild, neistinn hafði hins vegar horfið og hafði Ragnar ekki lengur gaman af rútínu fótboltans. Eftir nokkurra mánaða fjarveru frá fótbolthanum vill Ragnar snúa aftur í leikinn og verður nú aðstoðarmaður Jóns Sveinssonar hjá Fram í Bestu deild karla. „Viðræður um þetta tóku ekki neinn rosalegan tíma,“ segir Ragnar sem er 36 ára gamall en hann lék á ferli sínum 97 A-landsleiki.

Ragnar hefur undanfarið verið að taka þjálfaranámskeiðin hjá KSÍ til að ná í þá menntun sem til þarf. „Ég hef verið að sitja þessi námskeið og kunnað vel við það. Þegar ég ákvað að hætta í fótbolta þá var það ekki fyrsta hugsun hjá mér að demba mér út í þjálfun. Eftir að hafa kúplað mig frá boltanum í nokkra mánuði og setið þessi námskeið þá fann ég einhvern neista í að fara aftur í fótboltaumhverfið sem ég þekki svo vel.“

Hringdi sjálfur í Jón

Ragnar ákvað á dögnum að taka upp tólið og heyrja í Jóni Sveinssyni þjálfara Fram en þeir unnu saman þegar Ragnar var að koma upp í gegnum starfið hjá Fylki og stíga sín fyrstu skref í meistaraflökki þar. „Ég hringdi bara sjálfur í Jón og spurði hann að því hvort hann vantaði ekki aðstoðarmann. Hann ætlaði að tala við stjórnina og þegar það var komið á hreint þá tók þetta ekki langan tíma. Jón þjálfaði mig í Fylki og ég taldi að hann væri akkúrat sú týpa sem ég myndi vilja vinna með þegar ég er að taka mín fyrstu skref. Ég hef góða reynslu af honum,“ segir hann.

Ragnar hafði til ársbyrjunar starfað sem knattspyrnumaður í 15 ár sem atvinnumaður en ákvað að hætta þá. „Þetta er það eina sem maður þekkir í raun og veru, frá því að maður var bara litill þjakkur. Ég var kominn með upp í kok af öllu sem viðkemur fótbolthanum, ferðalögum og öllum þeim tíma sem fór í þetta í atvinnumennsku. Ég vildi helst ekki sjá fótbolta eftir að ég tók þá ákvörðun að hætta. Svo þegar



Ég taldi að Jón væri akkúrat sú týpa sem ég myndi vilja vinna með þegar ég er að taka mín fyrstu skref.

Ragnar Sigurðsson,
aðstoðarþjálfari Fram

aðeins er liðið frá þessu þá finnur maður aftur hvar ástríðan liggur.

„Ég var aldrei að loka á neitt, þetta er það sem maður kann. Það er gaman að gera eitthvað sem maður er góður í og getað miðlað af þeirri reynslu sem ferillinn gaf mér. Ég vissi alltaf að áhuginn fyrir fótbolthanum kæmi aftur en þetta gerðist kannski aðeins fyrir en ég gerði ráð fyrir.“

Gaman á skólabekk

Þrátt fyrir gríðarlega reynslu úr atvinnumennsku og úr landsliðinu hefur Ragnar gaman af því að taka þau þjálfarastig sem KSÍ hefur upp á að bjóða. „Ég er að taka þessi stig þessa dagana og er svona að reikna með því að klára B-gráðuna hjá þeim í janúar. Það er fínt og hollt fyrir mann að sitja þessi námskeið, þetta er tilbreyting frá því að fara á fundi með liðinu og hlusta á sömu hlutina aftur og aftur. Þetta er fjölbreytt og fullt af hlutum þarna sem maður hefur gott af því að heyrja af og læra um.“

Eftir langan og farsælan feril hefur Ragnar séð allar hliðar fótboltans og ætlar að nýta þá reynslu í þjálfun. „Maður getur alveg pottþétt miðlað af þessar reynslu sem maður hefur úr fótbolthanum, sérstaklega til yngri leikmanna sem eru móttækilegir fyrir því. Það verður gaman að kynna öllum hjá Fram og leggja sitt af mörkum.“

Stutt að fara á æfingar

Ragnar og fjölskylda eru búsett í Úlfarsárdal og því verður stutt að fara á æfingar. Fram flutti sig

Ferill Ragnars í fótbolta

- 2004-2006 Fylkir
- 2007-2011 IFK Gautaborg
- 2011-2014 FC Kaupmannahöfn
- 2014-2016 Krasnodar
- 2016-2018 Fulham
- 2017 Rubin Kazan (lán)
- 2018-2020
- 2020 FC Kaupmannahöfn
- 2021 Rukh Lviv
- 2021 Fylkir

Ragnar Sigurðsson lék tæplega 100 landsleiki og ætti að geta miðlað af reynslunni til leikmanna Fram.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR

úr Safarmýrinni í sumar á glæsilegan heimavöll í Úlfarsárdal. „Ég bý herna rétt hjá bara, aðstaðan er öll hin glæsilegasta. Ég hafði séð þetta utan frá en þegar maður kemur inn þá sér maður að hér er allt til alls. Það er alltaf gaman að vinna við toppaðstæður. Fyrsta æfingin hjá liðinu eftir frí var á mánudaginn, það var gaman að byrja á þessu og ég er spenntur fyrir komandi tímum,“ segir Ragnar brattur og spenntur fyrir nýrri áskorun á ferli sínum í fótbolthanum. ■

Rannsókn leiðir í ljós að stór hluti fylgjenda er ekki til

hodd@frettabladid.is

ÍPRÓTTIR Um 25 prósent af fylgjendum Cristiano Ronaldo á Instagram eru í raun falskir notendur sem enginn er á bak við. Er þetta niðurstaða rannsóknar sem vefmiðilinn Scams.info framkvæmdi. Var rannsóknin gerð á dögnum og niðurstaða hennar kynnt í gær.

Ronaldo er í dag með yfir 500 milljónir fylgjenda á Instagram en þegar rannsóknin var gerð hafði hann ekki náð þeim áfanga. Lebron James er með hæsta hlutfall gerviaðganganga á meðal fylgjenda sinna af íþróttafólki samkvæmt þessari rannsókn.

Lebron James sem er frægasti körfuboltamaður í heimi í dag er með tæplega 36 milljónir af gerviaðgöngum á bak við sína tölu en Cristiano Ronaldo skákar því með



Ronaldo er vinsælasta persónan á Instagram.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Staða	Íþróttamaður	Fylgjendur	Gerviaðgangar	Hlutfall
1	LeBron James	136.700.000	35.774.390	26,17%
2	Cristiano Ronaldo	495.400.000	124.642.640	25,16%
3	Gareth Bale	48.300.000	11.891.460	24,62%
4	Karim Benzema	60.400.000	14.737.600	24,40%
5	Marcelo Vieira	59.400.000	14.125.320	23,78%
6	Paul Labile Pogba	55.700.000	13.173.050	23,65%
7	Sergio Ramos	53.800.000	12.583.820	23,39%
8	Lionel Messi	372.000.000	86.638.800	23,29%
9	David Beckham	75.800.000	17.623.500	23,25%
10	Zlatan Ibrahimovic	56.200.000	12.999.059	23,13%

125 milljónir af gerviaðgöngum. Lionel Messi sem er með rúmlega 370 milljónir fylgjenda er með tæplega 87 milljónir af fylgjendum sem eru í raun og veru ekki til.

Athygli vekur í tölunum sem Scams birtir að knattspyrnumenn eru með mikla yfirburði á Instagram.

Gerviaðgangar eru eitt af stærstu vandamálum samfélagsmiðla en talið er að ansi há prósent af skráðum notendum á Twitter, Instagram og fleiri miðlum séu ekki raunverulegir.

Hefur verið reynt að vinna bót á þessu meini en án þess að ná nokkrum árangri í þeim efnum. ■

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 30. nóvember 2022



Jólaljöllurnar fagna tíundu jólnum sínum saman þessi jólin.

Hrist smávegis upp í aðventunni

starri@frettabladid.is

Sönghópurinn Jólaljöllurnar heldur tónleika á morgun fimmtudag sem bera heitið Jólaljöllurnar í hátíðarsköpum. Hópurinn var stofnaður árið 2013 og fagnar því tíundu jólnum sínum saman, segir Tinna Kristinsdóttir, einn meðlima hópsins. „Upphaflega sungum við hefðbundin og fallega rödduð jólalög án undirleiks en í dag syngjum við bæði með og án undirleiks. Fljótlega förum við að prófa okkur áfram með óhefðbundna og frumsamda texta við þekkt jólalög, oft og tíðum í djarfari kantinum, þar sem við sögu kemur meðal annars jólaþvagleki, uppstoppaðir jólahamstrar og jóla-sveinakynlíf. Í dag er meirihluti þeirra sem bóka okkur að leitast eftir einhverju skemmtilegu til að hrista upp í viðburðinum.“

Líflegur flutningur

Tónleikarnir á morgun verða eingöngu ætlaðir djarfari hliðinni eins og nafnið gefur til kynna. „Í fyrra héldum við okkar fyrstu tónleika og komust þá færri að en vildu. Við erum með nokkur ný lög og getum því boðið upp á skemmtilega 17 laga tónleika með líflegum flutningi og óvæntum upptökum.“

Tónleikarnir eru á Gauknum í Reykjavík á morgun og hefjast kl. 21. Ókeypis er á tónleikana. ■



Næringarfræðingurinn Elísabet Reynisdóttir verður með fyrirlestur eða hálfgerð uppistand þann 12. janúar.

MYND/STEFÁN JÓN INGVARSSON

Að skilja hvernig líkaminn virkar

Elísabet Reynisdóttir, eða Beta Reynis eins og hún jafnan kölluð, er einn fremsti næringarfræðingur landsins. Hún á að baki einstaka lífsgöngu sem meðal annars hefur verið gerð skil í bókinni, Svo týnist hjartaslóð, eftir Valgeir Skagfjörð. **2**

Alla daga
gegn kulda og sól



Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup
www.celsus.is



Beta með börnum sínum, Auði og Reyni Rafni, ásamt hundinum Pjakkur, sem kvaddi í fyrra. MYND/ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR

Beta hefur haldið mörg sjálfshjálparnámskeið og fyrirlestur og næsta námskeið hennar verður á dagskrá þann 9. janúar. Hlutverk hennar er að virkja einstaklinga til ábyrgðar á eigin heilsu og styðja fólk í átt að betri lífsstíl og betra lífi.

„Ég er að halda námskeið sem ég hef á netinu og bera nafnið Betra líf sem er sex vikna prógramm. Ég hef notast við eigin aðferðafræði og heildræna nálgun. Þetta er það skemmtilegasta sem ég geri. Það er svo frábært að sjá árangur hjá fólki sem taldi sig hafa reynt allt og var nánast búit að gefast upp. Ég nota fræðslu og kennslu til að ná árangri. Að skilja hvernig líkaminn virkar er lykillinn að árangri til frambúðar, eða ég tel það, og námskeiðin mín hafa sýnt að það er það sem virkar,“ segir Beta.

Markaðssetning á vítamíni og kollageni

Beta er með fleiri járn í eldinum sem tengjast vítamíni.

„Ég er á fullu núna að markaðssetja vítamín-línuna mína, Beta Nordic vítamín, og kollagen sem ég hef verið að þróa síðustu tvö árin. Ég fann að ég gat ekki farið fram með látum þegar ég byrjaði því ég vildi vera viss um að ég væri með

góða vöru. Ég hef því lítið markaðssett en þar sem ég er fullviss núna um að vítamínin mín, sem eru alveg ný hönnun, eru frábær þá er ég tilbúin að stökkva fram,“ segir Beta.

Spurð hvaða vítamín hún sé með segir hún: „Liposomal vítamín og fæðubótarefni sem eru umlukin tvöfaldrí fituhimnu, fosfólípíðum, sem eykur til muna upptöku í meltingarvegi og skilar sér þannig betur til vefja og frumna. Þau eru fljótandi og eru blönduð í vatn, djús eða hristinga. Það eru til dæmis margir sem þurfa ekki lengur í B12-vítamínsprautur eftir að hafa tekið inn B12 liposomal.“

Ég er nýbúin að taka inn nýja vöru sem er kollagen. Ný þróun er í hvernig fiskroðið er unnið og því er duftið finna og meiri líkur á að líkaminn taki það upp og nýtingin er betri. Þetta er bara byrjunin og við erum á leiðinni með vörurnar til Skandinavíu og svo vonandi víðar,“ segir Beta.

Fæ víst bara 24 tíma í sólarhringinn

Hvernig blandar þú þessu saman við að vera starfandi næringarfræðingur?

„Ég hef verið smá efins með það.

77 Að skilja hvernig líkaminn virkar er lykillinn að árangri til frambúðar, eða ég tel það, og námskeiðin mín hafa sýnt að það er það sem virkar.

Elisabet Reynisdóttir



Vítamínin og kollagenin upp Beta býður upp á núna.



Síðasta sumar vann Beta sem kokkur á Vagninum á Flateyri þar sem hún naut þess að vera með fólkinu og náttúrunni. MYND/KRISTBORG BÓEL

Mér finnst erfitt að blanda þessu saman og bendi iðulega mínum skjólstæðingum á að fara í apótek eða heilsuþúðir og spyrja um vöruval í þeim bætiefnum sem ég ráðlegg. Mér finnst erfitt að segja þeim að velja mitt en mér finnst það líka erfitt að segja það ekki því ég er sannfærð um að ég er með mjög góða og heidarlega vöru.

Sem næringarfræðingur hef ég dregið úr þeirri vinnu. Ég fæ víst bara 24 tíma í sólarhringinn eins og flestir, þannig að ég vinn núna hjá Heilsuvernd einn til tvo daga í viku og er svo með einn dag í viðtalstíma tengt heilsgæslu Heilsuvernndar. Mér finnst það reyndar frábær þróun að fá næringarfræðinga inn á heilsgæslurnar og ég tel að við getum unnið frábært starf með læknum og hjúkrunarfræðingum sem þar vinna. Ég get eiginlega ekki hugsað mér annað en að vinna einn til tvo daga í viku sem ráðgjafi þannig að líklega, á einhverjum tímamarki, þá stækkar fyrirtækið mitt nógu mikið og ég get ráðið inn fólk.“

Hvernig sérð þú nýtt ár fyrir þér?
„Vonandi gott. Ég mun halda áfram að vinna hjá Heilsuvernd og sinna vítamínframleiðslunni minni. Síðan er stefnan tekin á

að halda fyrirlestur eða hálfgerð uppistand 12. janúar. Þar ætla ég að nota sögu mína og reynslu til að miðla áfram á skemmtilegan hátt. Ég er byrjuð að selja inn á fyrirlesturinn á vefsíðunni minni í formi gjafabréfs og vona að sem flestir skelli einu í jólapakkann í ár þar sem ég lofa skemmtilegri kvöldstund með fróðleik og skemmtun,“ segir Beta.

Á einstakri kvöldstund fjallar Beta á lífandi og einlægum hátt, og með dæmum úr eigin lífssögu, um þær oft á tíðum óhefðbundnu og umdeildu leiðir sem færðu henni lykilinn að bættum lífsgæðum eftir lífshættuleg veikindi. Í þeirri baráttu nýtti Beta sér næringarfræði, eigið innsæi, jákvæð samskipti, dans, leik og ekki síst ótal ferðir út fyrir þægindarammann.

„Svo er það að lifa og njóta. Ég er dugleg að gera skemmtilega hluti, ferðast og vera í samskiptum við góða vini eða fjölskyldu,“ segir Beta. ■

Fyrirlesturinn fer fram í Sjálandi í Garðabæ og hægt er að skoða allt um hann á vefsíðunni betareynis.is eða á Facebook-síðunni betareynis ráðgjöf.

ETERNA
NÝ SENDING

AF
PEYSUM
&
SKYRTUM



KULDASKÓR
MEÐ INNBYGGÐUM
MANNBRODDUM
GORE-TEX | SKINN



ALLAR ÚLPUR OG KÁPUR Á 15%
AFSLÆTTI Í JÓLAPAKKAN HENNA



Tískan
&
comma,
ÁRMÚLI 5 | 551-0300



Bílar & Farartæki



2022 ónotaður Ford Transit 350 L3H2 Trend. Vinsælasta stærðin og hæðin. Framhjóladrif. Já dómur minar og herrar hér er ekki eins og hálfárs bíð eftir sendibíl. Pennan getur þú fengið strax! Verð: 5.990.000 án vsk.

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Málarar

MÁLARAR.

Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningavinnu. Sanngjarnt verð. S. 782 4540 / loggildurmalari@gmail.com

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum. Löggitur málarameistar. Löggitur málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald



Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndasímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði



Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!



JS LJÓSMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVEIÐARJÓHNSTAN

Skemmuveggi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Ópið virka daga 8-17

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Atvinna

Atvinna óskast

Húsnæði tilbúinn til nýrra verka úti sem inni. Sími:771-8554

FYRIR AÐSTOÐ INNLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi.

1. Deiliskipulag Heiðarbrún 6-6b

Bæjarstjórn Árborgar samþykki á fundi sínum 21. nóvember 2022 að auglýsa deiliskipulagstillögu að Heiðarbrún 6-6b Stokkseyri. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að lóðin Heiðarbrún 6, sem er 852m² að stærð, verði parhúsaloð (6-6b), og að heimilt yrði að byggja parhús. Húsið verður á einni hæð með risi. Hámarksvegghæð allt að 3,0m og mænishæð allt að 5,0m. Nýtingarhlutfall allt að 0,2.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting liggur frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Tillagan er auglýst með athugasemdafresti frá 30.11.2022 til og með 11.01.2023. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 11.01.2023.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

Virðingarfyllt,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi

Kæli- og frystiskápar í atvinnueldhús

TECNODOM spa refrigerazione

Ítölsk gæðavara

EKO 11 Tveggja hólf - Kæling -2/+8°C. Hægt að læsa með lykili. Stærð (LxWxH) cm 142x70x90

AF12KOMBTPV - Kæling -18/-20°C - Stærð (LxWxH) mm 1460x750x2200 - Þyngd 189kg

LT 1400 - Kæling -18/-20°C. Hægt að læsa með lykili. Stærð (LxWxH) cm 142x80x205 - Þyngd 210kg

LT 700 - Kæling -10/-20°C. Hægt að læsa með lykili. Stærð (LxWxH) cm 72x80x207 - Þyngd 150kg

Allt hjá okkur

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is

geiri

Draghálsi 4
110 Reykjavík
sími: 535 1300
verslun@verslun.is



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um tillögu að breyttu deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Brautarholt 32

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 2. nóvember 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 10. nóvember 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skipholtstreits vegna lóðarinnar nr. 32 við Brautarholt. Í breytingunni sem lögð er til felst breyting á lóðamörkum, hækkun á veggghæð að Brautarholti, hækkun á nýtingarhlutfall vegna minni lóðar og B-rýma ásamt því að gert er ráð fyrir bílakjallara og að skilmálar um bílastæði verði endurskoðaðir. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá 30. nóvember 2022 til og með 13. janúar 2023. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 13. janúar 2023. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík 30. nóvember 2022
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

intellecta.is

RÁÐNINGAR

RIKISKAUP
AÐILI AÐ RÁMMA SAMNINGI

intellecta



Mattia Binotto kveður Ferrari á gamlársdag. Liðið sem hann hefur helgað 28 ár af ævi sinni. **FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY**

Mistök hjá Ferrari

aron@frettabladid.is

FORMÚLA 1 Í gær barst yfirlýsing frá höfuðstöðvum Formúlu 1-liðs Ferrari þar sem tilkynnt var um starfslok liðsstjórans Mattia Binotto hjá liðinu. Binotto er einn af mikilvægum hlekkjum liðsins á bak við titla Michael Schumacher í Formúlu 1 á sínum tíma. Nú yfirgefur hann liðið.

Binotto á 28 ára starfsferil hjá þessu sigursælasta liði Formúlu 1, hins vegar virðist þolinmæðin á þrotum hjá Ferrari. Bragi Þórðarson, Formúlu 1-sérfræðingur Viaplay og Pittsins, telur Ferrari vera að gera mistök.

„Ferrari vann síðast heimsmeistaratitil bilasmiða árið 2008, titil öikumanna árið 2007 og hefur eftir það reynt að vinna fleiri titla en án

árangurs á því sem hægt er að segja að sé afar erfitt tímabil fyrir liðið.“

Nú bregði fyrir sömu gömlu tuggunni frá ítalska risanum.

„Liðsstjóranum er alltaf kennt um, hann rekinn og einhver annar fenginn inn. Hvað liðið ætlar sér að gera með þessari ákvörðun veit ég ekki en svona vendingar hafa ekki skilað sér áður fyrir Ferrari.

Það eina sem liðið er að gera með þessu er að missa Binotto sem er verkfræðingur í grunninn. Maðurinn sem var yfir véladeild Ferrari þegar Michael Schumacher vann sína titla hjá liðinu.

Ég var aldrei á því að það hefði verið góð ákvörðun fyrir Ferrari að ráða Binotto sem liðsstjóra á sínum tíma en að missa hann alfarið úr liðinu er ekki gott.“ ■

Auglýsing um framkvæmdaleyfi

3. áfangi Arnarnesvegjar frá Rjúpnavegi að Breiðholtsbraut.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs þann 22. nóvember 2022 var samþykkt með tilvísun í 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að veita framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðra framkvæmda við 3. áfanga Arnarnesvegjar í Kópavogi. Um er að ræða nýjan 2+2 veg ásamt tveimur nýjum hringtorgum, frá gatnamótum Arnarnesvegjar og Rjúpnavegar að fyrirhuguðum gatnamótum Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegjar. Hluti fyrir hugaðra framkvæmda verða innan sveitarfélagsmarka Reykjavíkurborgar, nær samþykktin til þess hluta framkvæmdarinnar sem fram fer innan sveitarfélagsmarka Kópavogsbæjar.

Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 sbr. 1. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætla. Matsskýrsla liggur fyrir. Framkvæmdin er í samræmi við svæðisskipulag og aðalskipulag.

Í framkvæmdaleyfinu koma fram þau gögn sem framkvæmdaleyfið byggir á sem og skilyrði og skilmálar leyfisveitanda.

Öll gögn vegna framkvæmdaleyfisins, greinargerð Kópavogsbæjar, hönnunargögn, álit Skipulagsstofnunar og matsskýrsla m.a. eru aðgengileg á heimasíðu Kópavogsbæjar. Slóðin er: <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kyningu>. Ákvörðunin er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála á grundvelli 52. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010. Kærufrestur er einn mánuður, til og með 31. desember 2022. Vakinn er athygli á því að þeir einir geta kært ákvörðunina sem eiga lögvarða hagsmuni tengda henni.

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi.



Kópavogsbær

kopavogur.is

Glitrandi feegurð.



CLARINS

Clarins kynningardagar
30. nóv. – 1. des.

20% afsláttur og veglegur kaupauki ef verslað er fyrir 8.990 kr. eða meira.

Í HJARTA REYKJAVÍKUR

ÍslandsApótek, Laugavegi 53b

ÍSLANDS APÓTEK

Merkisatburðir

- 1918** Ásgeirsverslun á Ísafirði hættir starfsemi.
- 1939** Vetrarstríðið hefst með því að Sovétríkin gera innrás í Finnland.
- 1943** Hitaveita kemur til Reykjavíkur frá Reykjum í Mosfellssveit og var fyrst tengt í Listasafn Einars Jónssonar.
- 1960** Ungmennafélagið Stjarnan stofnað í Garðabæ.
- 1965** Íslenskir bankar kaupa Skarðsbók á uppboði í London, en hún var þá eina fornislenska handritið í heiminum í einkaeigu.
- 1966** Ríkissjónvarpið frumsýnir skákskýringabáttinn í uppnámi en hann var einn fyrsti sjónvarpsbátturinn sem framleiddur var á Íslandi.



- 1982** Metsöluplata **Michael Jackson, Thriller**, kemur út.
- 1984** Tamiltígrar byrja að myrða fólk af sinhalískum ættum á Srí Lanka.

Stórafmælisveisla orgelsnillings

Bæði Hallgrímskirkja og Frikirkjan í Reykjavík fagna tvö hundruð ára afmæli tónskáldsins César Franck á næstu dögum.

arnartomas@frettabladid.is

Það verður mikil veisla fyrir unnendur klassískrar tónlistar á Íslandi í byrjun desember þegar tvö hundruð ár verða liðin frá fæðingu fransk-belgíska tónskáldsins César Franck. Upphaflega fæddur í Belgíu vann Franck sér inn orðspor sem frábær píanó- og síðar orgelleikari. Hann bjó og starfaði í París nánast alla ævi en tók síðar franskann ríkisborgararétt upp úr miðjum aldri, ekki síst af skyldurækni vegna stöðu sinnar sem prófessor við konservatoríu í París.

„Hann er einn mesti áhrifavaldur orgeltónlistarsögunnar á rómantíska tímabilinu,“ segir Björn Steinar Sólbergsson, organisti í Hallgrímskirkju. „Á rómantíska tímabilinu var orgelið sem hljóðfæri staðnað. Það reis hvað hæst á barokktím- anum en síðan hafði lítið gerst í þróun.“


Þegar Franck kynntist orgelsmiðnum Aristide Cavallé-Coll aðlöguðu þeir orgelið í sameiningu hugmyndafræði rómantíska tímabilsins þar sem þeir hönnuðu nýjar raddir í orgelið sem hentuðu betur fyrir langar, syngjandi línur. Þeir gerðu organistum einnig mögulegt að gera breytingar frá veiku og yfir í sterkt.

„Í framhaldi af þessu verður algjör sprenging í orgeltónlist, sérstaklega í Frakklandi,“ segir Björn Steinar.

Tímamótaorgelmaráþon

Næsta laugardag verða í Hallgrímskirkju í fyrsta sinn á Íslandi öll orgelverk Franck flutt í heild sinni af tólf organistum á sannkölluðu orgelmaráþoni. Franck er þó ekki eina afmælisbarnið sem fagnað verður heldur eru þrjátíu ár liðin frá vígslu Klais-orgelsins í Hallgrímskirkju.

„Þetta er auðvitað algjört drauma- hljóðfæri – sennilega besta vinnutæki sem nokkur organisti getur hugsað sér,“ svarar Björn Steinar spurður út í þetta merkilega hljóðfæri. „Það er skemmtilegt að segja frá því að þegar orgelið var hannað hér í kirkjunni af Herði Áskels- syni, forvera mínum, þá var tekið mikið tillit til þess að það myndi henta franskri



Málverkið César Franck við orgel eftir Jeanne Rongier, 1885.

orgeltónlist. Franck hefur stundum verið kallaður höfundur sínfóníska tímabilsins í orgeltónlistarsögunni þar sem í rauninni var lítið á orgelið sem hljómsveit.“

Vegleg brúðargjöf

Eitt af þekktustu verkum Franck er fiðlú- sónata sem flutt verður í Frikirkjunni í næstu viku. Þar munu Sif Margrét Tulinius fiðluleikari og Richard Simm píanóleikari flytja efnisskrá þar sem þessi gullfallega sónata verður flutt ásamt tveimur verkum eftir Ludwig van Beethoven, Rómansa og hin þekktu Kreutzer- sónata,“ útskýrir Sif Margrét.


„Það þekkjá allir fiðluleikarar þessa sönötu,“ segir Sif Margrét sem hefur sjálf persónulega tengingu við tónlist Franck.

„Þegar ég var þrettán ára gömul bjó ég um tíma í Frakklandi ásamt foreldrum mínum þar sem ég sótti fiðlutíma. Í lok þess tímabils gaf fiðlukennarinn minn mér kveðjugjöf áður en ég fór aftur til Íslands– nótur af einu af stuttu verki Franck, Andantino Quietoso.“

Verkið hefur síðan þá verið í miklu upphaldi hjá Sif sem tók það síðar upp og gaf út á geisladisk. Sónatan var skrifuð sem brúðargjöf til vinar Franck, fiðluleikarans Eugene Ysaye, sem hefur síðan þá orðið þekkt meðal allra fiðluleikara.

Innskot Beethoven í efnisskrána er ekki að ástæðulausu.

„Það má því segja að sónatan verði umvafin þessum verkum Beethoven en Franck var sjálfur mikill aðdáandi tón-



Björn Steinar segir Klais orgelið draumavinnutæki organistans.

MYND/HALLGRÍMSKIRKJA

listar hans og vilja margir meina að í sínfóníunni sem hann skrifaði á síðustu árum ævi sinnar gæti mikilla áhrifa frá Beethoven,“ útskýrir Sif Margrét. „Við hlökkum mjög til að flytja þessi verk í Frikirkjunni sem ég hef verið að uppgötva sem frábæran tónleikastað.“

Tónleikarnir í Hallgrímskirkju fara fram milli klukkan 12 og 15 næsta laugardag og tónleikarnir í Frikirkjunni næsta þriðjudagskvöld klukkan 19.30. ■



Okkar ástkæra

Silja Kjartansdóttir

Stakkahlíð 17a, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi, föstudaginn 25. nóvember. Útför hennar verður auglýst síðar.

Gísli Óskarsson

Kjartan Magnússon
Magnús Ingi Kjartansson
María Ósk Beck
Hildur Petersen

Erla María Sveinsdóttir
Jakub Biegaj
Halldór Kolbeinsson



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar og afi,

Terry Douglas Mahaney

múrarameistari,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 22. nóvember 2022.

Útför hans fer fram frá Guðriðarkirkju í Grafarholti, mánudaginn 5. desember kl. 13.

Steinvör Laufey Jónsdóttir

Elva Dögg Mahaney
Aron Gauti Mahaney
Daron Karl Hancock
Kolbrún Klara Aronsdóttir Mahaney



Ástkær bróðir okkar og mágur,

Guðjón Erlendsson

Kirkjuholi, Hvalsvellu,

lést 23. nóvember sl.

Útför hans fer fram frá Stórolfshvolskirkju mánudaginn 5. desember kl. 14.00. Streymt verður frá athöfninni: vimeo.com/event/2653788

Hlekk á streymi má einnig nálgast á mbl.is/andlat.

Þórunn K. Erlendsdóttir
Ólgeir Erlendsson
Pálína K. Erlendsdóttir

Guðmundur Kristinsson
Anna Kr. Ívarsdóttir



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Í. Ívarsson

bifreiðarstjóri og verktaki,
Seljavegi 8, Selfossi,

lést sunnudaginn 13. nóvember.

Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 2. desember klukkan 14.

Ingunn Hulda Guðmundsdóttir
Harpa Guðmundsdóttir
Ólóf Eir Guðmundsdóttir
G. Alda Guðmundsdóttir

Pétur Pétursson
Guðmundur Þór Pétursson
barnabörn og barnabarnabörn



Föðurbróðir okkar og mágur,

Eiríkur Gíslason

frá Stað í Hrutafirði,

lést þann 20. nóvember.

Útför hans fer fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Staðarkirkju í Hrutafirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Taugadeild B2 á Landspítala háskólasjúkrahúsi í Fossvogi.

Edda Björk Karlsdóttir, Vilborg Magnúsdóttir, Elin Elisabet Magnúsdóttir, Magnea Torfhildur Magnúsdóttir, Guðmundur Magnússon, Ingibjörg Magnúsdóttir, Gísli Jón Magnússon og Bára Guðmundsdóttir



Hjartkær mamma okkar,
tengdamamma, amma,
langamma og langalangamma,

Valdís Þorsteinsdóttir

Lóa,

fyrirum stöðvarstjóri
Pósts og síma í Hríssey,

lést á Dvalarheimilinu Dalbæ Dalvík miðvikudaginn 23. nóvember. Útförin fer fram frá Dalvíkurkirkju þriðjudaginn 6. desember kl. 13.30.

Þórdís Björg Alfreðsdóttir
Konráð Þorsteinn Alfreðsson
Sigurður Sveinn Alfreðsson
Sigurjón Freyr Alfreðsson
Blængur Elvar Alfreðsson
Kristín Anna Alfreðsdóttir

Steingrímur Sigurðsson
Guðbjörg Ingileif Jónasdóttir
Sólborg Friðbjörnsdóttir
Margrét Kristmannsdóttir
Þórdís Þorvaldsdóttir
Ásgeir Stefánsson

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn



Elskulegur eiginmaður minn,
bróðir og mágur,

Ketill Rúnar Tryggvason

húsasmíðameistari,
Mariubakka 6, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 14. nóvember. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 5. desember kl. 13.

Laugheiður Bjarnadóttir

Þorsteinn G. Tryggvason
Sigurður S. Tryggvason
Erlendur V. Tryggvason
Lilja B. Tryggvadóttir
Tryggvi T. Tryggvason

Ósk Sigurrós Ágústsdóttir
Jóhanna S. Hermannsdóttir
Harpa Arnþórsdóttir
Anna Sch. Hansdóttir



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

Jóhannes Guðmundsson

Hvammstangabraut 22,
Hvammstanga,
áður Blöndubýggð 6, Blönduósi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands Hvammstanga laugardaginn 19. nóvember. Útförin fer fram frá Viðidalstungukirkju föstudaginn 2. desember kl. 13.00. Aðstandendur afþakka blóm og kransa.

Óskar S. Jóhannesson
Elisabet Jóhannesdóttir
Jóhannes R. Jóhannesson
Baldvin Þ. Jóhannesson
Berglind R. Jóhannesdóttir

Rósa Stefánsdóttir
Sigfús Þráinsson
Guðrún M. Birkisdóttir
Sigríður G. Sigmundsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn

Tólaspilid Í ÁR

TÓNLISTAR &
KVIKMYNDASPIL

FYRIR ALLA
FJÖLSKYLDUNA



Skannaðu mig



S. 771-7171

LEITINADSTJORNUNNI.IS

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Útkall** Sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflökki Óttars Sveinssonar. Fyrsti þáttur í annarri þáttaröð.
- 20.00 Bióbærinn** Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaröðir ásamt almennu bióspjalli.
- 20.30 Fréttavaktin (e)**
- 21.00 Markaðurinn (e)**

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi**
- 13.10 Útsvar 2015-2016** Reykjavík - Reykhólahreppur.
- 14.30 HM stofan**
- 14.50 Ástralía - Danmörk** Bein útsending.
- 16.50 HM stofan**
- 17.20 Landkort** Skátar.
- 17.25 KrakkaRÚV**
- 17.26 Hundurinn Ibby**
- 17.30 Hæ Sámur**
- 17.37 Lundaklettur**
- 17.44 Örvar og Rebekka**
- 17.56 Víkingaprinsessan Guðrún**
- 18.01 Hinrik hittir**
- 18.06 Haddi og Bibbi**
- 18.08 Hruturinn Hreinn**
- 18.15 Krakkafréttir**
- 18.20 Lag dagsins** GusGus - Our World.
- 18.30 Fréttayfirlit**
- 18.35 HM stofan**
- 18.50 Pólland - Argentína** Bein útsending.
- 20.50 HM stofan**
- 21.00 Fréttir**
- 21.25 Íþróttir**
- 21.30 Veður**
- 21.35 Víkinglottó**
- 21.40 Kiljan**
- 22.20 Svarti baróninn Baron Noir** Þriðja þáttaröð þessara frönsku spennuþátta. Klækjarefurinn Philippe Rickwaert snýr hér aftur á pólitíska sviðið með metnaðarfulla áætlun í farteskinu. Þættirnir eru ekki við hæfi barna yngri en 12 ára.
- 23.20 Uppgangur nasista Rise of the Nazis II** Önnur þáttaröð BBC um það hvernig nasistar komust til valda. Þættirnir eru ekki við hæfi barna yngri en 12 ára.
- 00.10 HM kvöld**
- 00.55 Dagskrárlok**

Sjónvarp Símans

- 12.00 Dr. Phil**
- 12.40 The Late Late Show**
- 13.25 Love Island Australia**
- 15.00 The Block** Þáttarinn er Scott Cam.
- 16.00 American Housewife**
- 16.25 Black-ish**
- 17.00 90210**
- 17.40 Dr. Phil**
- 18.25 The Late Late Show**
- 19.10 Love Island Australia**
- 20.10 Survivor**
- 21.00 New Amsterdam**
- 21.50 Super Pumped** Mögnuð þáttaröð frá Showtime sem byggð er á sannri sögu um leigubílafyrirtækið Uber.
- 22.50 Guilty Party**
- 23.20 The Late Late Show**
- 00.05 Love Island Australia**
- 01.05 Law and Order. Special Victims Unit**
- 01.50 Chicago Med**
- 02.35 The Resident**
- 03.15 The Thing About Pam**
- 04.00 Walker**
- 04.45 Tónlist**

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn**
- 08.20 The Mentalist**
- 09.00 Bold and the Beautiful**
- 09.25 Cold Case**
- 10.05 Masterchef USA**
- 10.45 30 Rock**
- 11.30 Um land allt**
- 12.10 Jólagrafið BBQ kóngsins**
- 12.30 Nágrannar**
- 12.50 Ísskápastríð**
- 13.35 Skreytum hús**
- 13.50 The Dog House**
- 14.40 Temptation Island USA**
- 15.20 The Cabins**
- 16.05 Lóa Pind. Örir Íslendingar** Vandaður þáttur þar sem Lóa Pind kynnist dansara, rafvirkja, sjónvarpskonu og háskólanema, sem öll eru nýgreind með ADHD.
- 16.50 The Heart Guy**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.25 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.15 Afbrigði**
- 19.45 Next Stop Christmas**
- 21.10 The Good Doctor**
- 21.55 Unforgettable**
- 22.35 Chucky**
- 23.25 Rutherford Falls**
- 23.55 S.W.A.T.**
- 00.35 The Mentalist**
- 01.15 Cold Case**
- 02.00 30 Rock**
- 02.40 Temptation Island USA**

Seig öfugur í sprungu til að bjarga barni

Í Útkallspætti kvöldsins fær Óttar Sveinsson til sín Þórð Guðnason björgunarsveitarmann sem þurfti að síga öfugur niður í hlyldýpis jökulsprungu sem var á dýpt við átta hæða hús. Slyshafði átt sér stað uppi á Langjökli í janúar 2010 þegar móðir og 7 ára drengur féllu skyndilega niður í sprunguna þegar jeppaleiðangur var á ferð uppi á jöklinum. Hér áttu sér stað afar tvísýnar björgunarsveitir - móðirin lést en mjög var óttast um líf drengsins áður en Þórður og félagar sýndu af sér ótrúlega hetjudáð. ■



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 snikill
5 fálæti
6 íþróttafélag
8 dusta
10 óttast
11 pirruð
12 nýlega
13 hrun
15 vaxa
17 kvk. nafn

LÖÐRÉTT

- 1 einangra
2 flytja
3 hamangangur
4 tálma
7 nota
9 miðar
12 niðurandlit
14 sár
16 ætið

LÁRÉTT: 1 áfæta, 5 fæð, 6 fh, 8 hrísta, 10 óa, 11
LÖÐRÉTT: 1 afhófa, 2 færa, 3 æði, 4 aftra, 7 hag-
nyta, 9 seðlar, 12 álka, 14 aum, 16 sí.

Sudoku

3	1			9	8			
							4	8
	2		3	5		6		
8			5	3		1		
	7			9	2	3		
		9	6	1				
			2	1		8		
	6					2	3	
			7	5				

5	8							
	6	1	3			7	2	
		2	8			3		
	1	6						7
9	7			3	2	4		
				5	9		1	
6	2		9			4	5	
					8			
				3	4			9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Forlagið og Verðlaunasjóður íslenskra barnabóka auglýsa eftir handriti að skáldsögu fyrir börn á aldrinum 6-18 ára til að keppa um Íslensku barnabókaverðlaunin 2023.

Skilafrestur er til og með 1. febrúar 2023.

Allar upplýsingar á forlagid.is



JS WATCH CO. REYKJAVÍK KYNNNA

JETHRO TULL



The
Prog
Years



MISSTU EKKI AF EINSTAKRI KVÖLDSTUND
Í ELDBORGARSAL HÖRPU 4. MAÍ

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX OG MIÐASALAN HEFST Á
HARPA.IS OG TIX.IS 1. DESEMBER KL. 12.

SÍÐAST SELDIST UPP Á 15 MÍNÚTUM!


SANNKÖLLUÐ TÓNLISTARVEISLA SEM
ENGINN ÆTTI AÐ MISSA AF!

JS Watch co.
REYKJAVÍK

performer

GILBERT
ÚRSMÍÐUR

Topp 10 bókalistinn



1



2



3



4



5



6



7



8




9



10

BÓNUS





Gjafakortið með þér í liði

Bónus Inneignar- og gjafakortin henta einstaklega vel sem gjöf. Kortið er hægt að kaupa og nota í öllum verslunum Bónus um land allt.

Þetta eru engar allegoríur



Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Listamaðurinn Guðmundur Thoroddsen sýnir ný málverk í Hverfisgalleríi undir yfirskriftinni Kannski, kannski.

Guðmundur Thoroddsen opnaði sýninguna Kannski, kannski í Hverfisgalleríi fyrr í mánuðinum. Um er að ræða abstraktmyndir sem minna að sumu leyti á landslag.

„Þetta eru allt ný verk og ég hafði ekkert sérstaklega langan tíma til að vinna fyrir þessa sýningu. Ég vissi það að ýmsir partar af henni áttu að líta út eins og síðasta sýning en ég vissi samt að ég vildi ekki hafa það sama og ég var orðinn hundleiður á því að fela alltaf þessa hunda inni í landslaginu og það allt,“ segir Guðmundur.

Seildist út í abstrakt

Síðasta sýning Guðmundar í Hverfisgalleríi bar titilinn Hundaholt, hundahæðir, en í þeim verkum faldi Guðmundur mynd af reykjandi hundi í málverkunum. Hann kveðst hafa farið í ólíka átt með nýju sýninguna Kannski, kannski.

„Ég lagði upp með í þessari sýningu að hún ætti að vera alveg abstrakt. En með svipuðum flötum, svipaðri áferð og svipuðum litum. Það er ekkert sem maður ákveður, það er bara eitthvað sem maður dregst að ósjálfrátt. Maður hefur ákveðna litapallettu á ákveðnum tímum. Þegar þú ert að dila við abstrakt þá er oft ekki neitt beint umfjöllunarefni sem slíkt heldur ertu frekar að reyna að miðla einhverju andrúmslofti eða birtu og svo fyrst og fremst litum, formum og áferðum.“

Ertu þá bara orðinn abstraktlistamaður núna?

„Ég veit það ekki. Ég seildist út í abstrakt í þessari sýningu og ég fann mjög fljótt þegar ég var að vinna verkin að ég hef alltaf tendens til að sjá figúrur út úr einhverju og um leið og það kemur figúra eða einhvers konar rými eða umhverfi þá er komin saga. Þannig að sama hvað ég reyni þá held ég að ég nái aldrei að vera alveg abstrakt, ég er ekki alveg þannig innréttaður.“

En er það ekki bara partur af mannlegu eðli að leita að munstrum eða tengingum við aðra hluti?

„Já, það er oft hlegið að þessu í myndlistarbransanum að gamli frændinn kemur á sýningu og reynir að sjá einhvern kall út úr einhverri abstrakt mynd en ég held að þetta eigi við um fleiri en bara gamla frændann eða leikmenn á þessu sviði. Ég held að það sé sammannlegt hjá mörgum. Sumir eru ekki þannig víraðir samt.“



Guðmundur Thoroddsen segist hafa lagt upp með að gera sýningu sem væri abstrakt en með svipaðri áferð og svipuðum litum og í fyrri verkum hans.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Eitt af verkum Guðmundar á sýningunni Kannski, kannski í Hverfisgalleríi.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

engin málefni, ekkert skýrt þema þótt vissulega megi sjá eitthvert landslag. Þannig að þetta er svolítið vísun í óvissuna og líka það að ég var í svolitilli óvissu að vinna fyrir þessa sýningu, vissi ekki alveg hvað ég væri að fara að gera. Óvissa hjá sjálfum mér jafnvel um hvernig mér myndist hafa til tekist. Ég er nota bene mjög ánægð með þessa sýningu en ég var ekkert viss með öll verkin fram á síðustu stundu, þannig að þetta vísar svolítið bara í einhvern efa.“

Einhvern tímann hefði kannski þótt gamaldags að gera list fyrir listarinnar sakir, er það að koma aftur inn núna?

„Það fer allt í hringi og nú lifum við á tímum þar sem má allt og hægt er að gera allt. Við höfum allar vísanir á hreinu, það er hægt að fletta öllu upp, þú getur vitað allt. Mér finnst ég oft ekkert hafa neinu að bæta við neina umræðu. En það sem maður getur lagt fram er sjónrænt innlegg og það er það sem maður er þjálfður í og það er það sem ég nýt að gera. Ég er alltaf meira og meira að komast á þá línu að ég sem myndlistarmaður þarf ekki að vera að segja neitt mjög ákveðið.“

Það er þá kannski bara áhorfandans að finna það?

„Já, já, það er hægt að lesa alls konar út úr þessu og sjá ýmislegt út úr þessu. En þetta eru engar allegoríur.“ ■

Minnir á landslag

En jafnvel þótt málverk Guðmundar séu abstrakt þá minna formin og litirnir að vissu leyti á landslag og listamaðurinn neitar því ekki sjálfur.

„Það er mjög mikið landslag í þeim, það eru litirnir. Áferðirnar geta alveg minnt á landslag, svolítið krafskennt, svo held ég að það sé ekkert tilviljun hvernig maður leggur línurnar, það er oft mikið af láréttu sem skarast síðan á við lóðrétt og maður fer oft að lesa það sem landslag,“ segir Guðmundur.

Hverjir eru þínir helstu áhrifa- valdar í listinni?

„Mín helstu áhriferu kannski frá Andreas Eriksson sem er sænskur samtímamálari, en ég var bara orð-

inn svo rosalega líkur honum að ég varð að reyna að brjóta eitthvað upp og komast frá því. En að sjálfsögðu eru mikil áhrif frá honum. Svo í figúratívunni þá eru þetta gamlir gaurar eins og Phillip Guston og Jean Dubuffet. Eitt sem ég pikkaði út úr verkum hans það er þessi svona víbrandi lína í kringum sum formin. Að maður fari ekki með litina alveg upp að næsta formi heldur leyfi bakgrunninum svolítið að skína í gegn, í kringum formið.“

Var óviss með verkin

Spurður um hvaðan titill sýningarinnar Kannski, kannski komi segir Guðmundur:

„Kannski svolítið út frá því að ég er ekki að fjalla um neitt ákveðið,

Sjálfvirkur opunarbúnaður og snertilausir rofar frá **GEZE** Þýsk gæðavara.

JARN&GLER
Skútvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

Jóhanna sýnir í Gallerí Göngum

tsh@frettabladid.is

Myndlistarmaðurinn Jóhanna Þórhallsdóttir opnar sýninguna Ástin er græn í Gallerí Göngum í Háteigskirkju á morgun, fimmtudag 1. desember, klukkan 17.

„Yfirskrift sýningarinnar, Ástin er græn, vísar í textann Meine Liebe ist Grün, ljóð eftir Felix Schumann sem Brahms samdi eftirminnilegt lag við. Það ljóð hljómaði í huga mér þegar ég var að mála við Dónárþakka í bænum Ybbs í Austurríki í haust og rímaði einkar vel við liti Dónár sem er með mörgum grænum tónum. Og hvað er ástin einmitt annað en græn og græðandi?“ segir Jóhanna um sýninguna.

Jóhanna er nýkomin frá Vínarborg þar sem hún hlaut heiðursverðlaun í Atelier an der Donau



Jóhanna Þórhallsdóttir fyrir framán tvö verkanna á sýningunni. MYND/ADSEND

fyrir mynd sína Meine Liebe ist Grün. Nokkrar myndanna sem sýndar verða voru málaðar í Austurríki undir áhrifum þadan. Þetta er tiunda einkasýning Jóhönnu en

fyrsta sýning hennar var í Anarkíu listasal í Kópavogi 2014. Jóhanna lagði stund á myndlistarnám í Þýskalandi og lærði meðal annars hjá prófessor Markus Lüpertz. ■

Ævintýri um súkkulaði, vináttu og egg

BÆKUR

Héragerði – ævintýri um súkkulaði og kátínu

Lóa H. Hjálmtýsdóttir
Fjöldi síðna: 163
Útgefandi: Salka

Brynhildur Björnsdóttir

Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir hefur fyrir löngu haslað sér völl með myndasögum sínum en hún sýnir núna ár eftir ár færni sína í textasögum og er með tvær bækur í jólabókaflóði ársins, Mómmu köku og Héragerði.

Tvívurastystkinin Inga og Baldur bíða páskaða með eftirvæntingu enda fela þeir í sér essin þrjú, slökun, súkkulaði og meira súkkulaði. Þegar í ljós kemur að þau eiga að verja páskunum í Héragerði (sem Ingu heyrir fyrst heita Héragerði) með ömmu sem þau hafa aldrei hitt og frænku sem sést ekki verða þau dálítið efins en láta til leiðast, ekki síst eftir nákvæma útreikninga um afturvirka páskaeggjaskuld hinnar fyrri fjarverandi ömmu. Þegar þau koma svo í Héragerði er amman heilsuóð og telur súkkulaðineyslu barna jafngilda eiturgjöfum og útlitið er ekki hjart. En úr öllu rættist og systkinin eiga eftirminnilega páska sem eiga eftir að draga marga góða dilka á eftir sér.



”

Hér er sama græskulausa fjörið við völd og Héragerði er jafnvel enn þá betri en Grisafjörður, söguþráðurinn flóknari og persónurnar líka.

Íhugular ærslasögur

Héragerði er sjálfstætt framhald af Grisafirði sem kom út fyrir tveimur árum og var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Barnabókaverðlauna Norðurlandaráðs. Hér er sama græskulausa fjörið við völd og Héragerði er jafnvel enn þá betri en Grisafjörður, söguþráðurinn flóknari og persónurnar líka. Tvívurarnir Inga og Baldur eru mjög ólík, hún er ofvirkur stuðbolti, myndin og hress, sem hræðist fátt og fer ídulega yfir öll strik sem á vegi hennar verða á meðan hann er kvíðinn og varkár og sér strikin stundum sem ókleifa vegg. Mamma þeirra er einstæð móðir sem oft á erfitt með að láta enda ná saman og um það er fjallað á áreynslulúsan hátt en Lóa lætur einkar vel að skrifa um samskipti og ólíka upplifun persóna sem skín í gegn um fjörið og skemmtilegheitin þannig

að sögurnar hennar ná þeim fágæta árangri að vera íhugular ærslasögur þar sem hvorki fjör né næmni geldur hins.

Skemmtilegar myndlýsingar

Myndlýsingarnar og umbrotið allt er líka einkar skemmtilegt, myndirnar eru bæði útlistun á því sem er að gerast í sögunni en leggja líka ídulega í myndasöguformi út af einni setningu eða hugmynd í textanum og búa þannig til fleiri víddir


í söguna, aukasögur eða vísanir, lesendum til mikillar gleði. Svo er líka vasi innan á aftara kápuspjaldinu í þessari bók eins og í Grisafirði þar sem má finna ýmsan glaðning, meðal annars myndasöguna um Hérlokk Hólms en hún kemur einmitt við sögu í bókinni. ■

NIÐURSTAÐA: Héragerði er afskaplega skemmtileg, litrík og fjörug saga sem sendir gleðigeisla inn í hug og hjarta lesandans.



Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir, listamaður.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI



„... leiftrandi fróðleg, skemmtileg og hugvekjandi bók sem á alltaf brýnt erindi – en kannski aldrei sem nú.“


ÁSGEIR H. INGÓLFSSON / STUNDIN

„Afburða vel skrifuð og fræðandi ... það er ekki annað hægt en verða fyrir sterkum tilfinningalegum áhrifum.“

STEINGERÐUR STEINARSDÓTTIR / VIKAN

„... sorglegar, hjartnæmar, myndnar, hlýjar, hjarta-skerandi, stundum upplífandi sögur.“

BOGI ÁGÚSTSSON, FRÉTTAMAÐUR Á RÚV



Í *Vegabréf: Íslenskt* fer Sigríður Víðis Jónsdóttir með lesandann um heiminn og miðlar heimssögunni af einstakri næmni og virðingu



Mjúkspjald



Rafbók



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | www.forlagid.is



Bók um prinsinn kemur út í janúar.

Minnist ótrúlegs ástríðufulls koss frá Harry prins

ninarichter@frettabladid.is

Fyrrverandi sjónvarpsstjarna að nafni Catherine Ommanney sem gerði garðinn frægan í raunveruleikabáttunum *Real Housewives of D.C.*, segir frá ástríðufullum kynnum við Harry Bretaprins, í samtali við götublaðið *The Sun*. Var prinsinn þá 21 árs og hún 34 ára. Catherine sagðist vera að tjá sig um málið vegna væntanlegrar útgáfu endurminninga Harrys í bók sem ber titilinn *Spare*. Bókin kemur út þann 10. janúar.



Harry prins, hertoginn af Sussex, hittir bandarísku leikkonuna Meghan Markle í júlí 2016. Þau giftu sig í maí 2018.

Fyrrverandi sjónvarpsstjarnan segist þó efast um að á hana verði minnst í bókinni. „Ég efast um að mín verði getið í bókinni, sérstaklega í ljósi þess að prins getur ekki hlaupist á brott með 34 ára, tveggja barna móður,“ sagði Catherine, sem er fimmtug í dag. „Það tíðkast bara ekki.“

Catherine var nýfráskilin á þeim tíma sem hún og Harry eiga að hafa hist. Hún segir kynnin hafa verið á bar í London í maí 2006 í gegnum sameiginlega vini. „Harry var með svona ástralskan hatt sem fékk mig til að skelli hlæja. Ég spurði hann af hverju hann væri klæddur eins og hálfviti. Ég held að hann hafi ekki verið vanur því að fólk væri að grínast svona í honum. Þegar við byrjuðum að tala saman varð skyndilega eins og enginn annar væri í herberginu,“ segir hún.

Catherine segir að í framhaldinu hafi þau farið heim til vinafólks þar sem Harry lagaði handa henni beikonsamlöku, og síðan hafi þau farið í gamnslag. „Ég sagði honum að ég þyrfti að fara heim og þá lyfti hann mér upp af gólfinu, hélt mér upp að veggnum og gaf mér ástríðufyllsta, ótrúlegasta koss sem ég hef fengið á ævinni.“



Catherine Ommanney árið 2010.

Starfsmannabúningar McDonald's í finnskum hátískuham



Finnskir fatahönnuðir endurnýttu gamla starfsmannabúninga skyndibitakeðjunnar McDonald's og sköpuðu einstaka fatalínu sem vakið hefur heimsathygli.

ninarichter@frettabladid.is

Finnska fatamerkið Vain kynnti á dögunum heldur óvenjulegt samstarf við skyndibitakeðjuna McDonald's.

Þar notuðust hönnuðir við starfsmannabúninga McDonald's sem grunnhræfni í línu af endurnýttum fatnaði. Þar var stöðluðum skyrtum og buxum breytt í kjóla, hettupeysur og minípils. „Hönnunin miðaði að því að finna nýjar leiðir til að nýta slitinn vinnufatnað og skapa eitthvað nýtt úr efnum sem þegar eru til,“ segir í fréttatilkynningu frá fatamerkinu.

Listrænn stjórnandi Vain er Jimi Vain og haft er eftir honum í fréttatilkynningu að honum hafi þótt verkefnið spennandi strax frá upphafi. „Þegar ég heyrði hugmyndina um McDonald's-starfsmannatískuverkefni varð ég strax forvitinn.“

Jimi rifjar upp þegar hann var unglingur í finnsku dreifbýli, þegar



Í línunni eru 27 starfsmannabúningar sem eru í boði fyrir starfsmenn McDonald's í Finnlandi í gegnum innra happdrætti.

engin sérstök rými eða félagsmiðstöðvar voru í boði fyrir unglina og því hafi McDonald's orðið fyrir valinu.

„Það var það næsta sem við komumst alþjóðlegri poppmenningu þarna fyrir norðan,“ segir hann. „Við eyddum mörgum kvöldum þarna og bjuggum til fjölda minninga. Fatalínan endurspeglar þessi kunnulegu mótif, gerir tilraunir með McDonald's-lógóid og fléttar gulum og rauðum einkennislitum saman við svarta og grúa.“

Fatalínan inniheldur 27 nýja búninga og verða þeir í boði fyrir starfsmenn McDonald's í Finnlandi í gegnum innra happdrætti, að sögn vörumerkjafulltrúa skyndibitastaðarins. ■



McDonald's-fatalínan hefur vakið gríðarlega athygli og hrifningu á samfélagsmiðlum.



Sýnishorn úr fatalínu finnska vörumerkisins Vain sem unnin var í samstarfi við skyndibitakeðjuna McDonald's.



Nýja fatalínan verður ekki staðgengill eldri starfsmannabúninga.

Netfyrirbærið

Samgöngustofa hitar upp fyrir Sufjan Stevens

ninarichter@frettabladid.is

Notendur tónlistarstreymisveitunnar Spotify bjóða í ofvæni eftir Spotify Wrapped-listanum, árlegu tónlistaruppgjöri sem gefur notendum innsýn í sinn eigin tónlistarsmekk og hlustunarmynstur.

Nú á meðan beðið er hafa notendur þó fengið aðgang að eins konar forsmekk, en vefsíða sem kallast *instafest.app* gerir notendum kleift að sjá hvernig tónlistarhátíð, byggð á þeirra eigin hlustunarmynstri, myndi lita út. Niðurstaðan er plakat fyrir þriggja kvölda tónlistarhátíð í anda *Airwaves* eða *Hróarskeldu*.

Íslenskir foreldrar ungra barna hafa margir hverjir hlegið sig máttlausa yfir niðurstöðunum en algrímið tekur ekki tillit til þess að

Samgöngustofa og Leikhópurinn Kárius eigi hugsanlega ekki heima, eða stingi í það minnsta í stúf, á dag-skrá við hliðina á popprisunum Dua Lipa, Beck og The Weeknd. Í hjálögðu dæmi lokar Kristjana Skúladóttir lokakvöldinu með sögum fyrir yngstu börnin á borð við Geiturnar þrjár, að loknu teknókvöldi með Berlínarbandinu Moderat og Íslandsvinunum í Metronomy.

Þeir Spotify-notendur sem vilja prófa að vera með og sjá hvernig þeirra tónleikahátíð liti út, geta farið á vefsíðuna *Instafest.app* og skráð sig inn með Spotify-aðgangi.

Í framhaldinu birtast möguleikar, að unnið sé úr hlustunargögnum síðasta hálfra árs, síðasta heila árs eða frá stofnun aðgangsins. Leikurinn er ókeypis. ■

Instafest
PRESENTED BY INSTAFEST.APP

TUE NOV 29
ÝMSIR LEIKARAR
ALDOUS HARDING • RÓISÍN MURPHY
RÓISÍN MURPHY • GRIMES • THE WEEKND • LEIKHÓPURINN KÁRIUS
ALVAN • BENJAMIN BIOLAY • JOE GODDARD • MARIAH CAREY

WED NOV 30
SUFJAN STEVENS
CHRISTINE AND THE QUEENS • MARIBOU STATE
KINGS OF CONVENIENCE • BECK • ZERO 7 • BLOSSOM DEARIE
DUA LIPA • SAMGÖNGUSTOFA • FRENCH 79 • ANDERVEL

THU DEC 1
KRISTJANA SKULADÓTTIR
RÚFÚS DU SOL • CHARLI XCX • MODERAT
METRONOMY • BESSI BJARNASON • ADAM NAAS • RÖYKSOPP
DADI FREYR • SHARON VAN ETTEN • TSHA

Sambærilegar myndir hafa dúkkað upp á tímalinum fjölmargra notenda Twitter og Facebook á síðustu dögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SKJÁSKOT



LAGERSALA NTC HOLTAGÖRÐUM

- lýkur 4. desember -

ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

LOKADAGAR

OPIÐ FIM-FÖS KL. 12-18 • LAUG-SUN KL. 12-17

YFIR 100 VINSÆL VÖRUMERKI

MOSS
REYKJAVÍK

MARC JACOBS

Matinique

THE FINEST QUALITY
THE
Herschel
SUPPLY CO. BRAND
TRADE MARK

SOAKED
IN LUXURY

InWear

billi bi
COPENHAGEN

TIGER
OF SWEDEN

ROTATE
BUNGALOWS HOSIERY DESIGN

SAMSØE

SAMSØE

NA-KD

2NDDAY

STEVE MADDEN

J.LINDBERG

carhartt

Acne Studios

ENVII

TATUAGGI

PART TWO

EINFALT OG ÞÆGILEGT

2.000.- KR • 3.000.- KR • 4.000.- KR • 5.000.- KR 7.000.- KR • 9.000.- KR • 12.000.- KR • 15.000.- KR • 20.000.- KR

VÖRUR FRÁ EFTIRTÖLDUM VERSLUNUM

Kultur
menn

gs skór

GK
REYKJAVÍK

KARAKTER
KONUR

SMASH
URBAN

galleri sautján

eva

COMPANYS

Kultur

f lagersalantc

Lagersala NTC

📍 Holtagarðar

Frábært nasl fyrir ferfætlinga á jólum

ninarichter@frettabladid.is

Það má ekki gleyma ferfættingum fjölskyldumeðlimum á adventunni. Þegar krásir finnast víða á heimilinu í aðdraganda jóla ber að sjálfsgöðu að tryggja að ekkert fari ofan í dýrin sem þau mega ekki borða.

Hægt er að finna skemmtilegar og auðveldar uppskriftir að kræsingum fyrir litla loðna vini, hvort sem um ræðir hunda eða ketti.

Hundapiparkökur

Vatn 350 ml
Hunang 1 msk.
Ólífuoía 6 msk.
Kókosóía 1 msk.
Hrásiróp 120 ml
Hafrahveiti 700 g
Kanill 1 ts.
Engifer finrifíð, 2 msk.

Bakið við 180°C í 15 mínútur.

JÓLIN ERU Í DORMA
Frábært úrval og gott verð

JÓL 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÆNGUM OG KODDUM

DORMA CLASSIC sæng
Meðalhly sæng fyllt með hollow fiber (holtrefjum). Áklæði er úr 100% bómull. 1.345 g. Sængina má því við 60°C og þurrka í þurrkara. Sængin er ofnæmisprófuð og Oekotex vottuð. 140x200 cm. **13.900 kr. NÚ 11.120 kr.**

DORMA CLASSIC koddur
Þægilegur koddur sem gefur meðal stuðning. Stærð: 50x70cm. Hollow fiber (holtrefjar). 800g. Áklæðið er úr 100% bómull. **4.900 kr. NÚ 3.920 kr.**

MOVESGOOD rúmföt úr bambus
Dökkgrá, sand eða hvít. 140x200 cm. **16.900 kr.**

Nýtt

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn ræstast



Dóra Jóhannsdóttir er leikstjóri Áramótaskaupsins 2022 og í höfundateymi Skaupsins í þriðja sinn. MYND/DÓRA DUNA

Aldrei verið jafn ánægð með handritið fyrir Skaupið

Dóra Jóhannsdóttir, leikstjóri Áramótaskaupsins, segir að sér þyki mjög leiðinlegt ef umræða um eignarhald á framleiðslufyrirtæki rýri trúverðuleika þáttarins sem ádeila. Hún segir að enginn hafi reynt að hafa áhrif á handritið.

ninarichter@frettabladid.is

Stundin greindi frá því í síðustu viku að einn framleiðenda Skaupsins, fyrirtækið S800, væri í helmingsseigu Sigtúns sem byggir nýja miðbæinn á Selfossi. Annar eigandi S800 er Sigurjón Kjartansson sem jafnframt er einn höfunda. Útgerðarmaðurinn Kristján Vilhelmsson, kenndur við Samherja, er stærsti eigandi Sigtúns.

Dóra Jóhannsdóttir leikkona er leikstjóri og einn handritshöfunda Áramótaskaupsins í ár. „Þetta er mjög leiðinlegt,“ segir Dóra í samtali við Fréttablaðið, um umfjöllun Stundarinnar og umræðuna í kjölfarið. „Saga Gardarsdóttir er yfir handritinu. Við og höfundarnir höfum tekið allar ákvarðanir varðandi efnistöð og enginn hefur reynt að hafa áhrif á handritið,“ segir hún.

RÚV stakk upp á Sigurjóni

Dóra hefur verið yfir handritinu tvisvar, 2017 og 2019. Hún fullyrðir að aldrei hafi nokkur skipt sér af efnistöðum eða handriti Skaupsins. „Ég hef alltaf fengið að gera nákvæmlega það sem ég vil gera, frá fyrsta degi í skrifum og þangað til það er sýnt,“ segir hún. Að sögn Dóru stakk RÚV upp á Sigurjóni Kjartanssyni sem framleiðanda og segir hún sér hafa litist vel á þá tilhögun.

„Ég fór ekki að tékka á eignarhaldi félagsins. Ég hef aldrei gert það með nein framleiðslufyrirtæki sem ég hef unnið með. Ég hef unnið Skaup

”

Það er komin vakning varðandi að involvera alls konar minnihlutahópa sem verið er að fjalla um. Það er flóknara, en að sama skapi lærdómsríkt og gefandi að skrifa Skaup á svona meðvituðum tímum.

Dóra Jóhannsdóttir

með Republic og Glassriver og veit ekkert hverjir eiga það,“ segir leikstjórinn.

Enginn að skipta sér af efninu

Dóra segir að sér þyki mjög leiðinlegt ef málið rýri trúverðuleika Skaupsins sem óháðrar ádeila. „Nú er ég í þeirri stöðu að vera vakandi fyrir því hvernig ég get verndað trúverðuleika verkefnisins. Mig langar ekkert meira en að fólk geti horft á þetta með þeim augum og trú að því að þetta sé óháð ádeila,“ segir hún. „Ég hef aldrei verið jafn ánægð með handritið fyrir Skaupið. Ég er að leikstýra í fyrsta skipti og er sjúklega ánægð með allar tækur. Allir leikarar voru geggjáðir og ég held að þetta verði ógeðslega gott Skaup. Mig langar innilega að fólk trú því að það hafi verið gert af heilindum, sem það var. Það var enginn að skipta sér af efnistöðum,“ itrekar Dóra.

Aðspurð hvort tækur hafi farið fram á Selfossi, segist hún ekki hafa verið ein um að velja tækustaði. „Ég er með framleiðendur, location

manager og leikmyndahönnuð. Framleiðslan vildi fara á Selfoss og rökin voru að það væri erfitt að fá sjúkrarými í bænum. Það er ekkert sem verður í mynd sem sýnir að við séum á Selfossi. Þetta er bara einhver kjallari og sjúkrastofa sem gæti verið hvað sem er. Þar er ekkert í mynd sem tengist Selfossi.“

Ætlið þið að nýta þessa umræðu í Skaupið?

„Maður hugsar þetta með allt sem er áberandi á árinu, að maður vill gera grín að því og sem flestu sem er fánlegt og þarf að benda á. En núna er ég bara að melta þetta. Er þetta fánlegt? Ég þarf að skoða þetta og ræða betur við framleiðendurna og aðra til að vita það. Við erum pottþétt að fara að minnst á þetta,“ segir hún. „En ég vissi ekki af þessu og þetta hafði ekki áhrif á efnistökin.“

Flóknara en lærdómsríkt

Hvað fréttarið varðar svarar Dóra aðspurð að fréttarið sé vissulega flóknara en áður. „Það er svo mikil vitundarvakning á alls konar stöðum. Maður þarf að vera meðvit- aður og vakandi og taka tillit. Það er komin vakning varðandi að involvera alls konar minnihlutahópa sem verið er að fjalla um. Það er flóknara, en að sama skapi lærdómsríkt og gefandi að skrifa Skaup á svona meðvituðum tímum,“ segir hún.

Dóra hugsar sig um hvað varðar uppáhalds eldra Skaup. „Góð spurning. Ég horfði á skaupið 1985 með 12 ára syni mínum um daginn. Það kom mér á óvart hvað mér fannst það geggjáð og 12 ára sonur minn sem er af TikTok-kynslóðinni, var ekki að nenna að horfa á það með mér fyrst, en þegar við byrjuðum að horfa sagði hann: Þetta er algjör snilld, mamma. Ég þarf að taka eftir því hvað þau eru að gera svo að mín Skaup endist svona lengi,“ segir Dóra. ■



TVÆR VERSLANIR

GLÆSIBÆR

104 Reykjavík - s. 552 9011

KRINGLAN

103 Reykjavík - s. 552 9012

NEXUS



JÓLA TILBOÐ

Á MEÐAN
BIRGÐIR
ENDAST

25-50%

AFSLÁTTUR AF VÖLDUM SPILUM!

EKKI
MISSA AF
FRÁBÆRUM
TILBOÐUM



GILDIR EINNIG Í VEFVERSLUN OKKAR **NEXUS.IS**



Bakþankar



Önnu Sigrúnar
Baldursdóttir

Þvottur

Mér er nokkuð sama um fótbolta. Hvort sem það er kvenna- eða karlabolti, deildakeppni eða heimsmeistaramót. En mér er ekki sama um mannréttindi og misbeitingu valds og þess vegna hef ég fylgst með FIFA. Þar hafa spillingarpésar svo sannarlega náð að ata stjórnsýslu þessarar ágætu íþróttar auri. Nú er heimsmeistaramót í Katar og mér dettur ekki hug að reyna að koma inn áhorfssamviskubiti hjá heidarlegu fótboltaáhugafólki. Njótið bara.

Þeir sem beygja sig undir afar-kosti mannréttindabrytanna í Katar eiga hins vegar að skammast sín. Hér er KSÍ, sem ekkert sér-stakt erindi hefur á þessa hvít-þvottarsamkomu, sannarlega ekki undanskilið. Það hefur verið vont að fylgjast með framgangi forystu-fólks sambandsins. Formaðurinn hafði reyndar orð á því að mikil-vægt væri að fara til að „taka sam-talið“ eða eitthvað á þá leið. Það samtal hefur skilað nákvæmlega því sem gera mátti ráð fyrir – engu.

Eitt sinn hitti ég mannréttinda-stjóra Evrópuráðsins og ræddi áhrif stórra atburða sem haldnir eru í löndum með vafasama mannréttindasögu. Hann var eindreginn í sínu álit – ekkert samtal sem lýtur afarkostum geranda skilar öðru en viðurkenningu þeirra innanlands, enda er til hátíðar-haldanna stofnað til þess: „Sjáið bara, umheimurinn elskar okkur,“ segja þeir við kvalda þegna sína sem skilja ekki að umheimurinn láti þetta yfir þá ganga.

Það er auðvitað þannig að ef maður stendur við hliðina á drullupoli sem hoppað er í, slettist á mann. Og ef maður reynir svo að þvo þvottinn í skítugu vatni verður hann áfram skítugur. Þetta ætti forysta KSÍ, með aðsetur steinsnar frá þvottalaugunum, að vita. ■



**pappír
umhverfið
prentun**



LITRÓF

UMHVERFISVÆN
PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is



Jólagjöfin er 66°Norður

Verslaðu á 66north.is
Fylgdu okkur @66north